FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

138. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 14. JÚNÍ 2017



**Áhorfendamet var sett á Laugardalsvelli í gær þegar íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu lék við það brasilíska. Þetta var síðasti leikur íslenska liðsins áður en það heldur til Hollands þar sem Evrópukeppnin í knattspyrnu fer fram. 7.521 manns sá bestu knattspyrnukonu heims, Mörtu, skora eina mark leiksins en aldrei hafa fleiri áhorfendur sótt kvennalandsleik í knattspyrnu. Stemningin var enda frábær á vellinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Torfi Tulinius gagnrýnir fjármálaáætlunina. 13

**SPORT** Frammistaða sem gefur góð fyrirheit fyrir EM. 14

**MENNING** Dómur um h-moll messu Bachs. 20

**LÍFIÐ** Guðni er fitt forseti. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Vilja kaupa verksmiðju Actavis

**VIÐSKIPTI** Hópur fyrrverandi lykilstjórnenda og starfsmanna Actavis freistar þess nú að ganga frá kaupum á lyfjaverksmiðju fyrirtækisins í Hafnarfirði en eigandi hennar er ísraelska samheitalyfjafyrirtækið Teva. Talið er að kaupverðið sé um 1.700 milljónir en vonir standa til að hægt verði að ganga frá kaupunum á allra næstu vikum. **– hae / sjá Markaðinn**

## Fékk 20 milljóna aukagreiðslu

**VIÐSKIPTI** Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, fékk tuttugu milljóna króna aukagreiðslu frá sjóðnum í fyrra vegna starfa sinna þar undanfarin fjögur ár. „Það var gerður samningur við hana árið 2013 um að ef hún yrði áfram starfandi hjá sjóðnum árið 2016, þá kæmi til þessarar aukagreiðslu sem yrði gerð upp 2016,“ segir Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður Framtakssjóðsins. **– kij / sjá Markaðinn**

# Skotvopnaæfingum lögreglu fjölgað mikið

**Almennir lögreglumenn fá tveggja vikna þjálfun á ári í skotvopnaburði. Það er mikil aukning frá því sem var fyrir þremur árum. Almenningur má búast við að sjá vopnaða sérsveitarmenn á útiskemmtunum í sumar.**

**LÖGREGLUMÁL** Á síðustu þremur árum hefur orðið veruleg aukning í skotvopnaæfingum almennra lögreglumanna frá því sem áður var. Áður en nýjar reglur um aðgerðaþjálfun tóku gildi, fyrir um þremur árum, var engin markviss eða samræmd þjálfun í meðhöndlun skotvopna.

„Á heildina litið er um verulega aukningu að ræða og þjálfunin er mun markvissari og meira tengd við aðra aðgerðaþjálfun,“ segir Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Embætti ríkislögreglustjóra.

> **Á heildina litið er um verulega aukningu að ræða og þjálfunin er mun markvissari.**
>
> Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Embætti ríkislögreglustjóra

Æfingatími sérsveitar er óbreyttur og sérsveitin er alltaf vopnuð í útköllum. Reglurnar samræmdu og stórjuku hins vegar þjálfun allra almennra lögreglumanna. Þjálfun svokallaðra aðgerðahópa er nú 99 klukkustundir, sem jafngildir um tveimur og hálfri vinnuviku, á hverju ári. Inni í þeim tíma eru skotæfingar en einnig svokölluð mannfjöldastjórnun. Almennt útkallslið lögreglunnar hlýtur 69 klukkustunda þjálfun árlega, eða tæplega tvær vinnuvikur.

Mismunurinn á milli aðgerðahópa og almenns útkallsliðs felst fyrst og fremst í þeim tímafjölda sem fer í þjálfun mannfjöldastjórnunar.

„Fjöldi skotæfinga getur verið mismunandi milli ára. Áður fyrr var mjög mismunandi á milli embætta hversu mikil skotvopnaþjálfunin var og hjá sumum liðum hafði dregið úr skotæfingum,“ segir Jón.

Áður en reglur voru settar um 69 eða 99 klukkustunda þjálfun á ári var ekkert skipulag á því hversu mikla skotvopnaþjálfun almennir lögreglumenn skyldu fá árlega og mjög misjafnlega að því staðið á milli embætta. Æfingar jukust í öllum tilfellum við setningu nýju þjálfunaráætlunarinnar.

Það var í lok árs 2015 sem skammbyssum var komið fyrir í vopnakassa í lögreglubílum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Lengi hefur tíðkast að lögreglan í dreifðari byggðum hafi aðgang að skotvopni til að bregðast við útköllum þar sem viðbragðstími sérsveitar væri langur. **– snæ**



## Veður




Hæg austlæg átt og víða léttskýjað fram eftir degi um landið vestanvert, en nokkur gjóla síðdegis og dálítil rigning syðst um kvöldið. Gengur í austan hvassviðri undir Eyjafjöllum um kvöldið. SJÁ SÍÐU 18

# Týndu rusl úr Elliðaánum



Fjölmargir svöruðu kalli Stangaveiðifélags Reykjavíkur og mættu, vopnaðir vöðlum og háfum, til að týna rusl úr Elliðaánum í gær. Hreinsunin er árlegur viðburður og hafa félagsmenn og aðrir velunnarar mætt ár eftir ár til að árnar og umhverfi þeirra verði sem hreinast. Lífseig þjóðsaga segir að þeim sem mæti í tiltektina vegni betur en öðrum við að draga fisk á land síðar. Hvort einhver fótur sé fyrir því getur aðeins tíminn leitt í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Aldrei fleiri fasteignasalar útskrifast

**MENNTUN** Föstudaginn 9. júní síðastliðinn brautskráðust 57 kandídatar sem luku námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Aldrei hafa fleiri útskrifast af þessari námsbraut á sama tíma segir í tilkynningu.

Mikil aðsókn hefur verið í námið undanfarin misseri og er von á mun stærri útskriftarhópi á næsta ári. Alls brautskráðust 138 kandídatar úr fjórum námsbrautum frá Endurmenntun HÍ.

Þetta voru námsbrautirnar Jákvæð sálfræði, Nám til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, Sérfræðinám í hugrænni atferlismeðferð og Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun.

Fasteignamarkaðurinn hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarið. Vakin hefur verið athygli á því að sjaldan hafi færri eignir verið til sölu. Í febrúar voru 700 færri eignir til sölu en í síðustu lægð, í ágúst 2007, samkvæmt greiningardeild Arion banka. **– sg**

## Stálu dósum fyrir 1,2 milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn hafa verið handteknir grunaðir um að hafa stolið flöskum úr endurvinnslustöð á Dalvegi. Verðmæti fengsins var 1,2 milljónir króna.

Þjófnaðurinn átti sér stað í fyrrinótt. Búið var að pressa dósirnar saman og voru þær geymdar á pallettum fyrir utan stöðina. Stuldurinn var skipulagður en mennirnir höfðu leigt bílaleigubíl til að ferja dósirnar á brott. Um talsvert magn dósa var að ræða og telur lögreglan að mennirnir hafi þurft að fara nokkrar ferðir. **– eas**

## Gagnrýnd vegna vopnaburðar

**NOREGUR** Hvorki norsku öryggislögreglunni né forsætisráðuneytinu var kunnugt um að lögreglumenn í Ósló myndu bera hríðskotabyssur á barnahátíð á Miniøya um liðna helgi sem Erna Solberg forsætisráðherra tók þátt í. Foreldrar gagnrýndu forsætisráðherrann vegna málsins.

Þegar forsætisráðherrann tekur þátt í viðburðum lætur öryggislögreglan viðkomandi lögregluumdæmi vita ef þörf er á aðstoð.

Fulltrúi Óslóarlögreglunnar sagði lögregluna sýnilegri nú vegna aukinnar hryðjuverkaógnar. **– ibs**



**Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs**

# Rækta listaspírur með aðstoð geisladiska

**Þrjár konur ætla að reisa gróðurhús úr rusli, endurnýttum viði og geisladiskum í Kópavogi í sumar. Þær stefna að því að gera gróðurhúsið að samkomustað þar sem fólk getur komið, notið líðandi stundar og fræðst um staðbundna ræktun.**

**SAMFÉLAG** „Við erum komnar með um 500 geisladiska en samkvæmt okkar útreikningum þurfum við 2.222 og jafnvel fleiri,“ segir Jóhanna Ásgeirsdóttir en hún ásamt þeim Vigdísi Bergsdóttur og Ágústu Gunnarsdóttur ætlar að reisa gróðurhús úr rusli, notuðum viði og gömlum geisladiskum.

Stelpurnar þurfa að gera geisladiskana glæra og því henta gamlir diskar og skrifanlegir geisladiskar einkar vel í verkefnið. Það geta nefnilega ekki allir diskar orðið gróðurhúsadiskar. Verkefnið er hluti af skapandi sumarstörfum í Kópavogi þar sem ungu fólki býðst að vinna að eigin verkefnum.

Jóhanna og Ágústa eru nýútskrifaðar með BA úr myndlist og Vigdís er að ljúka BSc í verkfræði. Vigdís fékk hugmyndina að gróðurhúsinu þegar hún tók þátt í námsstefnu í University of Oregon í Bandaríkjunum.

„Ég var á námsstefnu um leiðtogahæfni á sviði umhverfismála og þar fæddist þessi hugmynd. Oregon er framarlega í umhverfismálum og þar er mikið um kreatíva nálgun að lausnum. Svo fór ég að skoða gróðurhúsaplast og hvar væri hægt að finna það í hversdagslegum munum og það reyndist vera í geisladiskum. Það er ekki sama plast í venjulegum plastflöskum til dæmis,“ segir Vigdís.

Grindin verður úr notuðum viði sem stelpurnar eru búnar að safna af byggingarsvæðum. Húsið verður kúluhús og verður um 12 fermetrar. „Það sem okkur hefur fundist merkilegast er hvað fólk er að henda hlutum sem er allt í lagi með. Það er tímafrekt og kostnaðarsamt að henda hlutum og í raun engin ástæða til þess,“ segir Ágústa og bætir við að draumurinn sé að halda matarboð þar sem þær munu bjóða upp á það sem kemur upp úr moldinni.

„Fyrsta plantan fer ofan í núna 17. júní og þá ætlum við að vera með smá sýnishorn af því sem við ætlum að gera. Við erum komnar með tómataplöntur, kryddjurtir, piparblóm og kartöflur. Ef einhver vill koma og gróðursetja hjá okkur má það. Þetta verður líka samverustaður þar sem verður vonandi góð stemning,“ segir Jóhanna.

**benediktboas@365.is**



**Vigdís, Ágústa og Jóhanna með nokkra geisladiska.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Skapandi sumarstörf í Kópavogi

Í sumar munu 25 aðilar vinna að skapandi verkefnum í Kópavogi. Töluverður fjöldi hópa og einstaklinga sótti um þau störf sem í boði eru. Um er að ræða fjölbreytt og ólík verkefni sem þó eiga það sameiginlegt að vera hugarfóstur ungra Kópavogsbúa.

Á hverju ári sækir fjölbreyttur hópur fólks um starf, t.d. leikarar, tónlistarfólk, hönnuðir, ljósmyndarar, dansarar o.fl. Þessir hópar og einstaklingar skipuleggja uppákomur í bænum yfir sumartímann og taka þátt í hátíðarhöldum á 17. júní.

Sumarstarfinu lýkur svo með uppskeruhátíð í lok júlí þar sem allir þátttakendur sýna afrakstur sumarsins á einn eða annan hátt.

Garðtraktorar
fyrir þá kröfuhörðu




ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is




**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Corolla meðan tilboðið gildir**

## LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Corolla býðst nú á sérstöku sumartilboði, fáguð gæðasmíð með 50 ára sigurgöngu í baksýnisspeglinum, endurhönnuð til að veita afþreyingu í öruggum og liprum akstri. Corolla er gerð til að láta góðu stundirnar endast en þetta sérstaka sumartilboð gildir aðeins í takmarkaðan tíma.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ — FLEX

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Yfirmaður kanadískrar flugsveitar safnaði fyrir Umhyggju

**SAMFÉLAG** Í gær hljóp William Mitchell, undirofursti í kanadíska flughernum og yfirmaður flugsveitarinnar sem sinnir loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins, 46 kílómetra leið á milli Reykjavíkur og Keflavíkur.

Mitchell, sem er bæði flugmaður CF-18-orrustuþotu og langhlaupari, vildi með hlaupinu safna fé fyrir Umhyggju, félag langveikra barna, og stefndi flugsveitin að því að safna 1.500 kanadískum dollurum, um 114 þúsund krónum. Verður söfnunarféð afhent fulltrúum Umhyggju á föstudag. Enn er ekki komið í ljós hve mikið safnaðist en allt bendir til að takmarkið hafi náðst, segir í tilkynningu.

„Hlaupið var býsna erfitt en þetta var samt algerlega einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða fyrir þá sem þurfa á hjálp að halda. Ég er sannfærður um að söfnunarféð renni til einstaklega góðs málefnis en ég er líka vongóður um að þetta framtak verði til að vekja athygli á þeim stuðningi sem Umhyggja getur veitt fjölskyldum sem þurfa á slíku að halda. Það er afar mikilvægt að láta gott af sér leiða og aðstoða þegar maður getur og ég er mjög stoltur af því að hafa fengið tækifæri til þess,“ sagði undirofurstinn, sem lauk hlaupinu á fjórum klukkustundum, þrjátíu mínútum og 33 sekúndum.


**William Mitchell, undirofursti í kanadíska flughernum, hleypur eftir Reykjanesbrautinni.** MYND/GÆSLAN

Frá því um miðjan maí hafa um 180 liðsmenn flugsveitar úr kanadíska flughernum haft aðsetur á öryggissvæði Landhelgisgæslunnar á Keflavíkurflugvelli með sex CF-18 Hornet orrustuþotur. „Við höfum fengið mjög góðar móttökur hjá Keflvíkingum og liðsmenn okkar hafa notið fádæma gestrisni um allt land.

Við vildum sýna þakklæti okkar í verki með því að gefa samfélaginu eitthvað til baka og því hafa liðsmenn sveitarinnar safnað fé fyrir Umhyggju.“ – **bb**

## Geta valið dagheimili í leitarvél

**DANMÖRK** Danskir foreldrar geta frá og með desember valið leikskóla fyrir barnið sitt með leitarvél. Hægt verður að sjá meðal annars hversu mörg börn eru á hverjum leikskóla, hversu mörg börn eru af erlendum uppruna á leikskólanum, hvernig mat er boðið upp á, stefnu viðkomandi leikskóla, aðstæður á lóð leikskólans og fjölda veikindadaga starfsmanna. Meirihluti danska þingsins hefur samþykkt leitarvélina sem á að skapa meira gagnsæi.

Samtök leikskólakennara segjast ekki vera á móti gagnsæi en telja að leitarvélinni fylgi of mikil skriffinnska á kostnað mikilvægari verkefna, nefnilega að huga vel að börnunum. – **ibs**


**Mikil mengun er víða í Kína.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kína í stríð fyrir rafbíla

**KÍNA** Kínversk yfirvöld ráðgera að herða reglur fyrir verksmiðjur sem framleiða bíla sem ganga fyrir jarðeldsneyti. Með meiri kröfum um umhverfisvernd, gæði og öryggi verður þröskuldurinn hækkaður. Þannig á að þvinga bílaframleiðendur til breytinga og þar með framleiðslu umhverfisvænna rafbíla, að því er greint er frá á vef Dagens Industri.

Þar segir jafnframt að með aukinni framleiðslu rafbíla geti Kínverjar selt þá í stórum stíl á alþjóðlegum markaði. – **ibs**

# Borgarfulltrúar neikvæðir í garð varanlegs byssuburðar

**Lögreglan verður með aukinn viðbúnað á fjölmennum samkomum í sumar vegna meintrar hryðjuverkaógnar. Vopnaðir lögreglumenn voru meðal annars á ferli á sjómannadaginn og verða aftur á Secret Solstice og 17. júní. Borgarfulltrúar sem Fréttablaðið ræddi við fréttu af málinu í fjölmiðlum.**

**ÖRYGGISMÁL** Borgarfulltrúar úr meirihlutanum eru ekki hrifnir af skotvopnaburði lögreglu á fjölmennum viðburðum í sumar. Flestir heyrðu fyrst af viðbúnaðinum í fjölmiðlum.

Eins og greint hefur verið frá hefur verið ákveðið að hafa vopnaða lögreglumenn á fjöldasamkomum sem fram undan eru vegna meintrar hryðjuverkaógnar. Málið er afar umdeilt, líka innan borgarinnar. Forseti borgarstjórnar, Líf Magneudóttir, hefur meðal annars látið sig málið varða og fordæmt vopnaburðinn.

„Mér hefur þótt vanta í allri þessari umræðu að það sé sýnt fram á það með nokkuð afgerandi hætti að almennir borgarar séu öruggari, og það sé sannað, ef vopnaðir lögreglumenn eru á ferli. Það hef ég ekki séð með óyggjandi hætti,“ segir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs.

Björn segir ákvörðunina um að vopnbúa sérsveitarmenn á fjöldasamkomum vera ríkislögreglustjóra. Ekki sé mikið samtal milli borgaryfirvalda og þess embættis, kannski sé tilefni til að breyta því.

„Það er auðvitað þannig að borgarstjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu funda reglulega og við höfum átt í mjög góðu samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki mikið samtal milli okkar og ríkislögreglustjóra, en kannski er tilefni til þess að hafa meira samráð þar á milli. Ég er alltaf hlynntur samtali. Ég get bara sagt að ég vona að okkar samfélag þróist í þá átt að við getum áfram verið land þar sem lögreglan þarf ekki að bera skotvopn. Og raunar finnst mér töluvert á sig leggjandi til að ná því fram,“ segir Björn.


**Skotvopn lögreglunnar verða sýnilegri í sumar en við höfum átt að venjast hingað til.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég vona að okkar samfélag þróist í þá átt að við getum áfram verið land þar sem lögreglan þarf ekki að bera skotvopn.
>
> S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs



Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata, segir að hann skipi sér frekar í hóp þeirra sem finnst þetta slæm þróun.

„Lögreglunni er falið að hafa einkarétt á ofbeldi og beitingu þess og það er hluti af lýðræðislegu aðhaldi að hafa skoðun á því hvernig því er beitt,“ segir Halldór. „Það er eitt meginmarkmiða hryðjuverka að skapa ótta og óvissu og láta fólk breyta hegðun sinni út frá ógninni.“

Halldór segir það vandmeðfarið hvernig skuli bregðast við ógninni og hvaða skilaboð séu send með því. Það sé erfitt að vera með aukinn viðbúnað og senda samtímis skilaboð um að ekkert sé að óttast. Aðspurður segir hann fyrst hafa heyrt af viðbúnaðinum í fjölmiðlum.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, segir að hann treysti lögreglunni til að meta aðstæður hverju sinni. Hann hafi heldur ekki heyrt af viðbúnaðinum fyrr en í fjölmiðlum.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri baðst undan viðtali þegar eftir því var falast.

**johannoli@frettabladid.is**




Garðsláttuvélar

Mikið úrval garðsláttuvéla - með rafmótor eða bensínmótor

MTD

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun: www.thor.is




# Taktu þér stöðu.

Það er kominn tími til að máta sig við framtíðina. Stíga næsta skref. Mercedes-Benz GLA er kominn aftur í nýrri og glæsilegri útfærslu, að sjálfsögðu með 4MATIC og hærri fjöðrun. Komdu og mátaðu þig við hann. Við tökum vel á móti þér.

Verð frá 5.670.000 kr.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook




BrExit

TÆKIFÆRI OG ÁSKORANIR TIL SJÓS OG LANDS

**Morgunverðarfundur Grand hótel**
fimmtudag 15. júní kl. 9:00 – 10:00.

*Bretland er á leiðinni út úr Evrópusambandinu og fimmtudagsmorguninn 15. júní ætlum við að ræða hagsmuni íslensks sjávarútvegs og landbúnaðar yfir enskum morgunverði á Grand hóteli.*



Heiðrún Lind Marteinsdóttir
*framkvæmdastjóri SFS*
**Á skinnskónum til Bretlands – Hvernig ætla Íslendingar að takast á við hið óþekkta?**



Ingólfur Friðriksson
*sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu*
**„Fish and Chips“ – Brexit og utanríkisviðskipti**



Erna Bjarnadóttir
*hagfræðingur Bændasamtakanna*
**Hugleiðingar um hagsmuni íslensks landbúnaðar við BREXIT**



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
*sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*
**Fundarstjóri**

**Fundurinn er opinn öllum og enginn aðgangseyrir.**
Enskur morgunverður er framreiddur kl. 8:30.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ




**Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði á fundi í fjármálaráðuneytinu í gær mikilvægt að svara spurningunni um hvernig samspili fjárfestingarbanka- og viðskiptabankastarfsemi verði háttað til framtíðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ekki talið tilefni til þess að setja lög um aðskilnað

**Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra telur engin hættumerki vera fyrir hendi um óheppileg tengsl á milli starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka hér á landi. Umfang fjárfestingarbankastarfsemi er lítið. Þó gætu aðstæður breyst hratt.**

**VIÐSKIPTI** Þeirri gagnrýni sem færð hefur verið fram gegn samspili viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi hér á landi hefur að verulegu leyti verið svarað með lagabreytingum á undanförnum árum. Umgjörð fjármálafyrirtækja hefur tekið stakkaskiptum frá hruni bankanna haustið 2008 og eru fleiri umbætur væntanlegar sem miða að því að draga enn frekar úr áhættu almennings og ríkissjóðs af öðru bankahruni. Er ekki tilefni að svo stöddu til þess að skilja að með formlegum hætti starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í skýrslu starfshóps Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, sem falið var að skoða kosti og galla þess að skilja að viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi, en skýrslan var afhent ráðherra í gær. Var starfshópurinn skipaður sérfræðingum frá ráðuneytinu, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands.

Fram kemur í skýrslunni að umfang fjárfestingarbankastarfsemi íslenskra banka sé minna nú en áður. Starfsemin sé jafnframt ekki stór hluti af heildarstarfsemi bankanna. Samkvæmt þeirri nálgun sem starfshópurinn beitir var umfangið að meðaltali um 5% af heildareignum bankanna í fyrra. Þegar litið er til heildartekna bankanna var hlutfallið aðeins hærra, um 13%, sem telst þó verulega lágt. Athygli vekur að minnsti viðskiptabankinn, Kvika, sker sig úr hópnum en þar reyndist hlutdeild fjárfestingarbankastarfsemi vera á bilinu 32-49 prósent af heildarstarfsemi bankans.

Í skýrslunni er fjallað um þá grundvallarspurningu hvort þörf sé á frekari kerfisbreytingum til þess að takmarka áhættu af fjárfestingarbankastarfsemi alhliða banka og nefnir starfshópurinn þrjár leiðir sem gætu komið til greina.

Fyrsta leiðin snýr að því að byggja starfsumhverfi fjármálafyrirtækja á þeim kerfisumbótum sem nú þegar hafa átt sér stað eftir bankahrunið 2008 eða eru enn í undirbúningi. Er sérstaklega tekið fram að stjórnvöld hafi þegar tekið á áhættu vegna fjárfestingarbankastarfsemi gömlu viðskiptabankanna þriggja og hert reglur um slíka starfsemi verulega.

Önnur leiðin gengur lengst og snýr að því að aðskilja starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka með formlegum hætti, í samræmi við erlendar fyrirmyndir, svo sem í Þýskalandi og Frakklandi. Starfshópurinn telur ekki tilefni að svo stöddu til þess að setja lög um formlegan aðskilnað og bendir á að ekkert hinna Norðurlandanna hafi sett slík lög, þótt umfang fjárfestingarbanka þar sé umtalsvert meira en hér á landi. Aðstæður gætu þó breyst hratt. Þannig gæti verið tilefni til að skilgreina í reglum frekari varnarlínur gagnvart áhættu sem tengist fjárfestingarbankastarfsemi án þess þó að íþyngja um of starfsemi banka sem stunda einungis „hóflega fjárfestingarbankastarfsemi“, eins og það er orðað í skýrslunni. Út á það gengur þriðja leiðin: að heimila áfram fjárfestingarbankastarfsemi innan alhliða banka, að því gefnu að hún verði innan skilgreindra hlutfalla og að áhættu sem af henni stafar verði mætt með fullnægjandi hætti. Fari starfsemin yfir tilgreint hlutfall yrði Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefjast þess að dregið yrði úr starfseminni eða hún skýrt aðskilin frá annarri kjarnastarfsemi.

Rétt er að taka fram að starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort eða hver af þessum leiðum gæti verið ákjósanlegust hér á landi, heldur er skýrslunni ætlað að vera innlegg í frekari umræðu um þessi mál. Meta verði gaumgæfilega kostnað og ábata af aðskilnaði með tilliti til áhrifa á hagkerfið og kerfisáhættu bankakerfisins áður en ráðist verði í lagabreytingar. kristinningi@frettabladid.is

## Skipar nefnd sem kannar lagabreytingar

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir mikilvægt að hafa í huga þær miklu breytingar sem hafa orðið á fjármálakerfinu frá hruni. „Mér heyrist á pólitískum umræðum að samhljómur sé um að við eigum að leiða til lykta spurningar um hvernig samspili fjárfestingarbanka- og viðskiptabankastarfsemi verði háttað og í kjölfar þessarar vinnu mun ég skipa nefnd sem mun kanna hvort þörf er á breytingum á lagaumhverfinu og eftir atvikum gera þá tillögu um slíkar breytingar,“ segir hann.

Ráðherra mun óska eftir tilnefningum frá Alþingi í nefndina sem á að skila af sér tillögum fyrir 1. nóvember. Hann segist mjög ánægður með vinnu starfshópsins. Skýrslan dragi fram mikilvægt efni um flókið málefni og muni dýpka umræðuna um þessi mál.






## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight
Driver Assist Technology

**EyeSight** öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á.
Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU
Confidence in Motion

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |



**Það er snarræði starfsmanna og sjálfboðaliða við slökkvistarf sem stóð í tvær klukkustundir að þakka að ekki fór verr.** MYND/UMHVERFISSTOFNUN

# Sígarettustubbur kveikti risabál í þjóðgarðinum á Snæfellsnesi

**SINUELDAR** Um fjögurleytið á mánudag varð Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður á Snæfellsnesi, var við reyk í Beruvíkurhrauni. Kviknað hafði í mosa og lyngi við gömlu vermannagötuna sem liggur frá Sandhólum um Beruvíkurhraun í Dritvík. Logaði eldurinn á um 1.500 fermetra svæði og breiddist hratt um mosabreiðuna sem liggur um 300 metra frá bílastæðinu hjá gönguleiðinni.

Jón, sem er starfsmaður Umhverfisstofnunar, hefur umsjón með friðlýstum svæðum og samkvæmt tilkynningu stofnunarinnar var mikið happ að hann skyldi verða eldsins var svo skjótt, því eldurinn hefði að öðrum kosti breiðst mjög hratt út. Telur Jón að eldsupptök séu vegna reykingamanns sem hafi hent frá sér logandi sígarettu í skraufþurran mosann.

Ekki hafi rignt í þjóðgarðinum í þrjár vikur og nærri hafi legið að mjög illa færi. Vill þjóðgarðsvörður brýna fyrir gestum þjóðgarðsins að fara varlega með eld og alls ekki henda sígarettustubbum út í náttúruna heldur taka þá með sér. Auk eldhættu sé sóðaskapur af stubbum.

Þjóðgarðsvörður, landverðir og sjálfboðaliðar þjóðgarðsins brugðust skjótt við til að hefta útbreiðslu eldsins og náðu að lokum að slökkva hann. Tók verkið um tvær klukkustundir og var svæðið vaktað fram að miðnætti. – **bb**

**1.500**

**fermetra svæði logaði í Beruvíkurhrauni fyrr í vikunni. Eldurinn er talinn eiga upptök í glóð úr sígarettustubbi.**

# Jörðin gaf sig undan flaumnum



**Gífurleg ofankoma hefur verið í Bangladess undanfarna daga. Myndin er frá Rangamati-héraðinu í austurhluta landsins og sýnir hvar jarðvegur þurfti að láta í minni pokann fyrir vætunni. Minnst 53 hafa farist í flóðum og aurskriðum í héruðum austast í landinu. Þar af eru fjórir hermenn og meðlimir björgunarhópa sem kallaðir voru út til að aðstoða íbúa þeirra svæða sem verst hafa orðið úti í regninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Norðmenn vilja minnka sóun

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld ætla sér að berjast á móti matarsóun. Markmiðið er að minnka matarsóun um 50 prósent fyrir árið 2030. Nefnd, skipuð af samtökum iðnaðarins, fær það verkefni að reyna að finna út hvernig sé best að standa að þessu markmiði. VG greinir frá.

Vidar Helgesen, umhverfisráðherra Noregs, kynnti þessar fyrirætlanir á sunnudaginn á ráðstefnu EAT í Stokkhólmi. Fjórutíu og sex lönd taka þátt í ráðstefnunni þar sem rætt er um heilsu og matvæli. Samkvæmt Helgesen munu stjórnvöld fara í samstarf með matvælaframleiðendum til að ná þessu verðuga markmiði. Helgesen bendir á að hver Norðmaður hendi um 69 kílóum af mat yfir árið.

„Þetta er raunhæft en metnaðarfullt. Við munum vinna með alls kyns samtökum og fyrirtækjum, allt frá landbúnaði og fiskeldi til matvöruverslana," sagði Helgesen í ræðu sem hann flutti á ráðstefnunni. – **eas**

# Ráðherrann blés á samsæri en ýmsum spurningum ósvarað

**Jeff Sessions, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, kom fyrir rannsóknarnefnd Bandaríkjaþings í gær. Hann er háttsettasti embættismaðurinn sem komið hefur fyrir nefndina hingað til. Minni ráðherrans þótti oft á tíðum gloppótt.**

**BANDARÍKIN** Jeff Sessions, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, neitar að hafa átt leynilega fundi með rússneskum embættismönnum. Þá segir hann að allar frásagnir um að hann hafi tekið þátt í samsæri með stjórnvöldum í Kreml verið „hræðilega og viðbjóðslega lygi". Þetta kom fram í máli ráðherrans fyrir rannsóknarnefnd bandaríska þingsins í gær.

Í upphafi marsmánaðar var sagt frá því í Washington Post að Sessions hefði hitt Sergey Kislyak, sendiherra Rússa í Washington, í tvígang á meðan kosningabarátta Donalds Trump stóð yfir. Á þeim tíma var Sessions þingmaður í öldungadeild Bandaríkjanna. Málið vakti hneykslan en Sessions hafði neitað því í yfirheyrslu þingsins, áður en hann var samþykktur sem ráðherra, að hafa „átt í nokkrum samskiptum við Rússland".

„Ég hef aldrei fundað eða átt samtal við nokkurn Rússa, eða annan erlendan embættismann, varðandi nokkra kosningabaráttu eða kosningar í Bandaríkjunum," sagði Sessions fyrir nefndinni í gær.

Hann staðfesti að hann hefði hitt Kislyak í tvígang en mundi hins vegar ekki hvort það hefði verið á fundi í tengslum við kosningabaráttu Trumps. Framburður hans þótti nokkuð stopull en ítrekað sagðist hann ekki muna hvernig atvik voru. Aðspurður um samtöl við Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, baðst Sessions undan því að svara. Sú afstaða fór mjög í taugarnar á nefndarmönnum Demókrata sem sökuðu ráðherrann um að torvelda rannsókn á aðkomu Rússa að forsetakosningunum í fyrra.

James Comey, fyrrverandi forstjóri FBI, mætti fyrir sömu nefnd í síðustu viku. Í máli hans kom skýrt fram að hann teldi að krumlur frá Kremlin hefðu að minnsta kosti reynt að hafa óeðlileg áhrif á niðurstöður forsetakosninganna í fyrra.

Sá fundur þótti ekki jákvæður vitnisburður fyrir forsetann og stjórn hans. Sömu sögu er að segja af fundinum í gær. Sessions tókst ágætlega að skrúfa niður í þeim sem tala um leynimakk hans og Rússa. Hins vegar er spurningum enn ósvarað um hvort hann hafi sagt ósatt eftir að hafa svarið þess eið að segja satt. Einnig telja margir hann hafa staðið í vegi fyrir réttlæti og þá er margt enn á huldu varðandi aðkomu hans að brottrekstri Comeys. **johannoli@frettabladid.is**



**Sessions gaf ekki mikið fyrir sögusagnir þess efnis að hann hefði staðið í samsæri með Rússum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu.
Komið, sjáið og sannfærist.

bílson -VERKSTÆÐIÐ-
Kletthálsi 9 · Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is




## Hyundai i30 er hinn nýi fólksbíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður.
Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km.
Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólksbíl sem kostar aðeins frá 2.890.000 kr.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

ENNEMM / SÍA / NM82302 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Stækkun fiskeldis Íslandsbleikju að Núpsmýri í Öxarfirði, Norðurþingi**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **14. júlí 2017**.







Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918



Landsbankinn hefur meðal annars fallist á að leggja ekki uppgreiðslugjöld á lán með breytilegum vöxtum til einstaklinga og lítilla fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið telur að þetta muni auka samkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Auðveldara og ódýrara að skipta um banka

**Landsbankinn hefur skuldbundið sig til þess að grípa til aðgerða til að efla samkeppni á bankamarkaði. Markmiðið er að draga úr skiptikostnaði í fjármálaþjónustu, auka aðhald með bönkunum og ýta undir samkeppni.**

**NEYTENDAMÁL** Sátt Samkeppniseftirlitsins við Landsbankann um að bankinn grípi til aðgerða sem auðvelda viðskiptavinum að færa viðskipti sín annað er til þess fallin að auka aðhald og samkeppni á bankamarkaði. Þetta segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, í samtali við Fréttablaðið. Viðræður við Arion banka og Íslandsbanka um sams konar aðgerðir eru á lokastigi.

Tilkynnt var um sáttina í fyrradag, en aðgerðirnar sem Landsbankinn skuldbindur sig til að grípa til miða meðal annars að því að draga úr þeim kostnaði sem viðskiptavinir verða fyrir þegar þeir skipta um banka, stuðla að virkara aðhaldi af hálfu viðskiptavina og eins vinna gegn aðstæðum sem rennt gætu stoðum undir „þögla samhæfingu“ á bankamarkaði.

Sem dæmi hefur Landsbankinn fallist á að leggja ekki uppgreiðslugjöld á lán með breytilegum vöxtum til einstaklinga og lítilla fyrirtækja. Þá þurfa þeir sem taka íbúðalán hjá bankanum ekki lengur að færa öll viðskipti sín til bankans. Eins verða viðskiptavinir upplýstir fyrirfram um verulegar breytingar á vöxtum og verðskrá.

> **Með því að draga úr hindrunum fyrir viðskiptavini við að skipta um banka geta þeir veitt bönkunum meira aðhald.**



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Páll Gunnar segir Samkeppniseftirlitið lengi hafa stefnt að því að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum og búa í haginn fyrir öflugri samkeppni á fjármálamarkaði. „Við höfum meðal annars verið með til skoðunar ýmsa bindingu og höfum, líkt og samkeppniseftirlit víða í kringum okkur, haft áhyggjur af því að það hamli samkeppni þegar einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki eiga erfitt með að færa sig á milli þjónustuveitenda vegna ýmiss konar kostnaðar sem af því stafar eða þá vegna þess að það sé erfitt í framkvæmd.“ Á þessum grunni hafi eftirlitið boðað til viðræðna við stóru viðskiptabankana þrjá sumarið 2015, meðal annars um aðgerðir til þess að efla samkeppni og draga úr umræddum skiptikostnaði. Var Landsbankinn fyrsti bankinn til þess að ljúka viðræðunum.

Páll Gunnar segir Samkeppniseftirlitið hafa átt mjög uppbyggilegar viðræður við alla bankana að undanförnu. Það sé í sjálfu sér jákvætt að bankarnir séu reiðubúnir til þess að ræða þessa hluti og grípa til aðgerða sem séu hagfelldar viðskiptavinum.

„Með því að draga úr hindrunum fyrir viðskiptavini við að skipta um banka geta þeir veitt bönkunum meira aðhald. Þeir hafa þetta vopn í höndunum að geta fært sig á milli banka á einfaldari hátt en áður. Þetta aðhald gerir það væntanlega að verkum að bankarnir reyna að halda í sína viðskiptavini með heilbrigðri samkeppni. Þannig að þetta ætti að skila sér í betri kjörum og betri þjónustu.“

**kristinningi@frettabladid.is**

# Vilja sameinast um sölu á lambakjöti

**LANDBÚNAÐUR** Markaðsráð kindakjöts hefur leitað til Samkeppniseftirlitsins með ósk um undanþágu frá samkeppnislögum vegna samstarfs sláturleyfishafa á Íslandi um útflutning og markaðssetningu íslensks kindakjöts á erlendum mörkuðum.

„Markmiðið er að ná inn á betur borgandi markaði og við teljum það skynsamlegt að gera það á samræmdan hátt,“ segir Oddný Steina Valsdóttir, formaður Markaðsráðs kindakjöts.

Útflutningur á lambakjöti hefur hingað til verið á hendi hvers og eins sláturleyfishafa en öll markaðssetning erlendis hefur verið undir merkjum íslensks lambs. Smæð fyrirtækja hefur þó valdið því að íslensk fyrirtæki hafa orðið undir í alþjóðlegri baráttu. Þótt sameiginleg velta íslenskrar sauðfjárræktar sé talin í milljörðum króna telja stærstu framleiðslulönd sauðfjárafurða veltu sína í þúsundum milljarða.

„Það er svo sem ekkert nýtt í því að það sé verið að flytja út þriðjung framleiðslunnar á hverju ári. En það er ekki á velborgandi markaði nema að litlu leyti. Við sjáum að við getum sótt virðisauka á betur borgandi markaði og gerum það á skilvirkari hátt en áður.

Það hefur ekki verið nein skynsemi í hvernig hlutirnir hafa verið gerðir og við teljum að það sé hægt að sækja fram.

Það er ákveðin þekking til staðar og ég vil meina að núna sé tækifærið. Í ljósi stöðunnar verðum við að beita öllum ráðum,“ segir Oddný og bendir á að sterk króna hafi ekki hjálpað. **– bb**

### Um hvað snýst samningurinn?

Samstarfið byggir á því að Markaðsráð kindakjöts bjóði hverjum og einum sláturleyfishafa að taka þátt á grundvelli sérstaks samnings þar um. Í samningunum myndi felast að sláturleyfishafi skuldbindi sig til að flytja út tiltekinn hluta þess lambakjöts sem hann framleiðir á gildistíma undanþágunnar. Markaðsráð mun hafa yfirumsjón með útflutningnum.

Samstarf tekur aðeins til útflutnings og markaðsstarfs.




Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Edge***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Vertu úti!



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Börnir og barnfæddir Reykvíkingar hafa lengi haft þá trú að það sé gott að vera úti. Að ungbörn eigi að sofa síðdegisblundinn úti í kerru í svo gott sem öllum veðrum, að krakkar eigi að vera úti að leika sér eftir skóla og að það sé gott fyrir okkur öll að njóta útivistar sem oftast og þá líka innan borgarmarkanna. Þetta er hugmynd Reykvíkinga um loftgæði í borginni en raunin er að hér er á stundum meiri svifryksmengun en í iðnaðarborginni Denver í Bandaríkjunum.

Þetta sýnir niðurstaða kannana sem dr. Larry G. Anderson framkvæmdi í borginni fyrir skömmu og sérfræðingurinn var alveg bit á niðurstöðunni. Það vekur sérstaka athygli að dr. Anderson telur skýringuna ekki að finna í nagladekkjanotkun borgarbúa því rykið af þeim sé grófara en það sem einkum myndast út frá bruna jarðefnaeldsneytis sem á Íslandi er nánast alfarið út frá farartækjum. Undir þetta tekur Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur í loftgæðum hjá Umhverfisstofnun, en hann bendir þó einnig á að í nagladekkjaborg á borð við Reykjavík myndist einnig finna svifryk af völdum naglanna.

Meirihlutinn í skipulags- og umhverfisráði lagði einmitt nýverið fram áskorun á ráðherra samgöngumála um að taka upp sérstaka gjaldtöku á bíleigendur sem nota nagladekk. En þó ráðinu gangi eflaust gott til þá virðist hér vera á ferðinni skammtímanálgun sem er ekki líkleg til þess að skila árangri, einfaldlega vegna þess að þeir sem velja að nota nagladekk gera það væntanlega til þess að reyna að tryggja öryggi sitt og sinna. Það er til að mynda hæpið að fjölskylda með þrjú börn í sínum fólksbíl sé tilbúin til að slaka á örygginu til þess að spara sér gjaldtöku. Viðkomandi fjölskylda stæði frammi fyrir auknum álögum eða að slaka ella á örygginu.

Reykjavíkurborg og Reykvíkingar þurfa því að leita annarra leiða til þess að bæta loftgæði í borginni og þar kemur ýmislegt til greina. Borgaryfirvöld geta til að mynda tekið aftur upp tilraunir með rykbindingu eins og verið var að prófa á árunum fyrir hrun en hefur síðan legið í dvala. Þá er óhætt að segja að huga þurfi að almennu ástandi gatnakerfisins, hreinsun gatna og viðhaldi. Að auki mætti líta til þeirrar jákvæðu breytingar að koma langferðabílunum frá miðbænum en þar er galli á gjöf Njarðar sá ósiður margra rútubílstjóra að láta bílana ganga á meðan beðið er eftir farþegum og bílar lestaðir. Slíkt má daglega sjá dæmi um m.a. í Lækjargötu skammt frá íbúðabyggð, skólum og innan um fjölda gangandi vegfarenda í miðborginni. Það er einfaldlega of algengt að við sjáum dæmi þess að ökumenn meti rétt sinn til þess að láta loftræstinguna í bílnum ganga langt umfram loftgæði samborgaranna.

En það sem er mikilvægast er að við áttum okkur á því að hugmynd okkar og veruleiki um loftgæði í Reykjavík fer ekki lengur saman. Það að bæta úr þessu og tryggja að það verði áfram öllum hollt og gott að vera úti í Reykjavík er verkefni okkar allra en ekki einvörðungu borgaryfirvalda og atvinnulífs.

> Reykjavíkurborg og Reykvíkingar þurfa því að leita annarra leiða til þess að bæta loftgæði í borginni og þar kemur ýmislegt til greina.


## Hótel – Veisluþjónustur
## Gistiheimili – Mötuneyti

Fjölbreytt úrval af matvöru og veisluréttum



Ljúffengt...
... hagkvæmt og fljótlegt

Danco hefur allt til að auðvelda veitingarnar hvort sem er í veisluna, mötuneytið, kokteilboðið, skólaeldhúsið, alls staðar.

Forréttir, pizzur, smáréttir, forskornar tertur og fleira.

Eingöngu selt til fyrirtækja

Heildsöludreifing
DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is


### Halldór




## Frá degi til dags

**Hnífasettið**

**Eiríkur Jónsson blaðamaður greindi frá því í gær að Björn Ingi Hrafnsson fjölmiðlamógúll stefndi á framboð í næstu borgarstjórnarkosningum. Björn Ingi gaf sögusögninni svo byr undir báða vængi með því að deila fréttinni á Eyjunni, vefmiðli sem hann ritstýrir. Björn Ingi yrði þá annar fjölmiðlamaðurinn í röð, sem er að rúlla á hausinn með miðilinn sinn, sem sér stjórnmálin fyrir sér sem öryggisnet sitt. Hinn er Gunnar Smári Egilsson sem nýverið stofnaði Sósíalistaflokk Íslands. Kosturinn við að vera valdamikill í stjórnmálum, umfram að vera valdamikill í fjölmiðlum, er að í pólitík þarf maður engar áhyggjur að hafa af því að borga starfsfólki laun eða greiða opinber gjöld.**

**Í fremstu röð**

**Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra kom fram á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf í gær. Þar benti hann á að atvinnuþátttaka innflytjenda væri meiri á Íslandi en í öðrum OECD ríkjum og að atvinnuþátttaka flóttafólks lofaði góðu. „Við verðum að hætta að líta á flóttamenn sem byrði og sjá tækifærin og hæfileikana sem flóttamenn færa samfélagi okkar," sagði hann meðal annars í ræðu sinni. Sannarlega skilaboð sem Íslendingar mega vera stoltir af. Það er óskandi að það skili sér í færri brottvísunum flóttamanna frá landinu. snaeros@frettabladid.is**

## Engin reikigjöld lengur



Ólafur Arnarson
formaður Neytendasamtakanna

Frá og með 15. júní heyra reikigjöld vegna fjarskiptanotkunar innan EES sögunni til. Framvegis geta Evrópubúar notað símann sinn í öllum löndum EES, hvort sem um er að ræða mínútur, SMS eða gagnamagn, á nákvæmlega sömu kjörum og í sínu heimalandi. Engu máli skiptir fyrir íslenskan viðskiptavin Símans, Vodafone, Nova eða annarra fjarskiptafyrirtækja hvar í Evrópu hann notar snjallsímann sinn. Pakkinn hans á Íslandi gildir líka í öðrum Evrópulöndum. Þetta eru mikil tímamót fyrir neytendur, en Samtök evrópskra neytendasamtaka, BEUC, hafa lengi barist fyrir þessum mikilvægu hagsmunum og nú er málið í höfn og meginreglan innan Evrópu er framvegis að fólk getur reikað eins og það sé heima hjá sér. Á ensku er notuð fyrir þetta skammstöfunin RLAH, sem stendur fyrir: Roaming like at home.

Neytendur verða að vera vakandi og fylgjast með að fjarskiptafyrirtæki fari eftir hinum nýju reglum. Allir neytendur eiga skilyrðislausan rétt á þessu. Hafa ber þó í huga að fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að bjóða viðskiptavinum sínum önnur kjör en enginn viðskiptavinur þarf að samþykkja slíkt.

Ákveðnar undanþágur eru frá hinni nýju meginreglu en þær miða m.a. að því að koma í veg fyrir að viðskiptavinur, sem býr í einu landi, geti keypt sína fjarskiptaþjónustu í öðru landi og reikað án aukagjalds. Einnig getur í vissum tilfellum verið leyfilegt fyrir fjarskiptafyrirtækið að innheimta aukagjald fyrir gagnamagn umfram tiltekið hámark ef heildsöluverð gagnamagns í Evrópu er hærra en það gjald sem fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum í áskriftarsamningi. Þetta viðbótargjald getur hins vegar aldrei orðið hærra en svo að það brúi bilið milli áskriftarverðsins og heildsöluverðsins.

Nú ríður á að hver einstakur neytandi sé á varðbergi og fylgist vel með hvort fjarskiptafyrirtækið hans virðir hina nýju meginreglu. Mikilvægt er að hafa í huga að fjarskiptafyrirtækjum er óheimilt að víkja frá meginreglunni nema að fengnu upplýstu samþykki viðskiptavinar. Neytendasamtökin munu fylgjast með framkvæmd þessara nýju reglna af hálfu fjarskiptafyrirtækja og ég hvet neytendur til að hafa samband við okkur í ns@ns.is ef þeir verða varir við að misbrestur sé á að réttum reglum sé framfylgt.

> Nú ríður á að hver einstakur neytandi sé á varðbergi og fylgist vel með hvort fjarskiptafyrirtækið hans virðir hina nýju meginreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Voru þrælarnir auðlind?



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Við erum gamalt þjóðfélag bænda- og veiðimanna, sem lifði á dýrum, en þau voru lengst af flokkuð sem hlutir: Réttlaus og varnarlaus. Og, þó að tímarnir hafi breyzt og við vitum að fjölmörg dýr hafa vitund og breitt svið skynjana, hugsana og tilfinninga, eins og við, eimir sterklega eftir af gömlu afstöðunni: Virðingarleysinu og tilfinningaleysinu gagnvart dýrum.

**Blökkumenn flokkaðir með dýrum**

Afríkunegrar voru fram á miðja nítjándu öld flokkaðir með dýrum: Þeir voru réttlausir, gengu kaupum og sölum, þeim var þrælkað út, þeim mátti gera hvað sem var, þeir voru jafnvel barðir til óbóta eða drepnir, ef eigendunum þóknaðist svo.

Það, sem gerði blökkumenn að dýrum, var aðallega annar húðlitur. Það sem gerir dýrin að dýrum, er einkum annað líkamsform og annars konar vitsmunir, sennilega líka skortur á grægði og grimmd.

Margir telja sig geta gert hvað sem er við dýrin – eins og við þrælana á sínum tíma – og hafa þau stöðu grass, runna eða trjáa, í augum ýmissa.

**Falleg orð með vafasamri merkingu**

Mikið er hér talað um auðlindir og sjálfbærni. Þetta eru áferðarfalleg orð, en, hvað merkja þau eiginlega? Ég átti tal við góðan og gegnan mann um daginn, og bað hann að styðja baráttu mína fyrir friðun hvala og sela, en ég tel óþarft, tilgangslaust og grimmilegt dráp hvala vera smánarblett á þjóðinni, og selir eru í útrýmingarhættu. Svarið var þetta: „Selina, já, en ég er hlynntur því, að við nýtum auðlindir okkar, og hvalastofninn er hér sjálfbær.“

Eru hvalir, sem eru á háu þroska-, vitundar- og tilfinningastigi, kenna hver öðrum, vinna saman, bindast nánum vina- og fjölskylduböndum og búa mest af árinu víðsfjarri Íslandi, okkar auðlind!?? Og, ef svo væri, á þá að halda áfram að drepa þá, þó að Hvalur hf. sé með yfirfullar frystigeymslur af óseljanlegu hvalkjöti og það fyrirtæki, sem helzt drepur hrefnur, sé rekið með milljónatapi!? Eiga hvalir þá engan rétt á sjálfstæðri eigin tilveru? Eiga mennirnir allt!?

**Sjálfbærnin í verki**

Það voru um 500.000 hvalir í úthöfunum, nú eru þeir um 50.000. Sjálfbærni þýðir það, að drepa eins mikið af hvölum, eins og frekast má verða, þó þannig, að þeim verði ekki útrýmt. Flott sjálfbærni það. Réttnefni væri útrýmingarmörk.

Það voru um 33.000 selir við landið 1980. Nú er búið að veiða og drepa þá svo heiftarlega, að stofninn er kominn í 7.700 seli. „Sjálfbærnin“ lá við 12.000 seli. Hví er þetta útrýmingaræði ekki stoppað!?

Rjúpnastofninn var um ein milljón fugla. Þegar nánast var búið að útrýma honum í blóðþorsta og grægði – kjötið er svo gott – voru „sjálfbærnimörkin“ sett við 100 þúsund fugla. Þar stóð stofninn í fyrra. Samt var leyft að drepa 40 þúsund fugla. Eru þeir fuglar þá ótaldir, sem gátu forðað sér og drápust helsærðir fjarri veiðimanni. Að þessari helför stóðu 6 þúsund tilfinningalitlir byssumenn. Ekki var það gott innlegg í þeirra karma.

Er ekki mál til komið, að þessi fallegi og friðsæli fugl fái frið!? Til allrar framtíðar!

**Skapaði minkurinn sig sjálfur?**

Hörmulegt dýranið kom upp á dögunum. Lamb festist í minkaboga, og varð að aflífa það. Dýrabogar, sem valda dýrum heiftarlegum áverka og kvalræði, eru að sögn Umhverfisstofnunar leyfilegir.

Segir það sína sögu um dýra- og náttúruvernd í okkar blessaða landi, en þeir eru bannaðir í öllum siðmenntuðum löndum. Þýzkaland bannaði þá 1934. Svei þeim stjórnvöldum, sem kvalatólið minkaboga leyfa.

Reyndar er öll afstaða til minka með ólíkindum. Þá má líka kæfa, grýta til dauða og drekkja, varnarlausir ungar meðtaldir. Ekki sköpuðu þeir sig sjálfir eða kusu sér Ísland sem dvalarstað! Þar ber mannshöndin ábyrgð. Kunningi minn í Þýzkalandi hélt 3 merði eða minka sem húsdýr sér og sínum til gleði og ánægju.

# „Mikið borði“



Torfi Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum

> Nýsamþykkt fjármálaáætlun til fimm ára þar sem of lágar fjárveitingar til háskóla standa nánast í stað draga úr getu þeirra til að efla þjóðina.

Gissur Þorvaldsson slapp naumlega úr Flugumýrarbrennu 1253 en missti konu og þrjá syni. Skaðinn var mikill en Gissur safnaði liði, hefndi sín og hélt reisn. Í Sturlungu segir að Gissur hafi verið „mikill borði“, orðtak úr máli farmanna. Skip með háar síður veitti betra skjól gegn illviðri og óvinum. Gissur hafði sterkar sálrænar varnir og gat tekist á við verstu áföll.

Samfélög þurfa einnig sterka vörn. Theresu May var refsað m.a. fyrir að hafa veikt hryðjuverkavarnir Bretlands með niðurskurði til löggæslu í innanríkisráðherratíð sinni. Íslendingar þekkja af reynslu mikilvægi stofnana og samtaka í náttúruhamförum: björgunarsveitir, lögregla, landhelgisgæsla og heilbrigðisþjónusta bregðast við og koma í veg fyrir að afleiðingarnar verði verri en ella.

Bankahrunið var áfall. Þó kom í ljós að samfélagið bjó yfir töluverðum styrk: fjölmiðlar, sérfræðingar, dómskerfið, reiknistofa bankanna og fleiri björguðu miklu og samfélagið gat starfað áfram. Varnirnar héldu og við nutum þess að hafa búið vel að þessum þáttum í þjóðlífinu. Því miður hafði ekki verið hlúð nægilega að öllum mikilvægum máttarstólpum samfélagsins. Til að ná fram pólitískum markmiðum um einkavæðingu hafði heilbrigðiskerfið verið veikt árum saman. Það mátti því illa við niðurskurði í Hruninu og er nú svo illa farið að það tekur langan tíma að koma því í æskilegt horf.

Háskólarnir reyndust líka öflugur hluti af vörnum okkar. Í samdrætti og atvinnuleysi tóku þeir við fjölda nemenda sem öðluðust nýja þekkingu og færni til að takast á við vanda og byggja upp á ný. Einkum var það starfsfólki skólanna að þakka sem lét sig hafa það að búa við aukið álag og versnandi kjör til að mæta ríkri þörf.

Nýsamþykkt fjármálaáætlun til fimm ára þar sem of lágar fjárveitingar til háskóla standa nánast í stað mun draga úr getu þeirra til að efla þjóðina og búa undir áskoranir framtíðar. Í haust gefst tækifæri með fjárlögum til að leiðrétta kúrsinn og búa myndarlega að háskólunum. Þeir eru vaxtarbroddar samfélags sem getur nýtt tækifæri framtíðarinnar og brugðist við áföllum; samfélags sem er „mikið borði“.





Þú nærð nýjum hæðum í Cross Polo. Frábærir eiginleikar og ríkulegur staðalbúnaður breyta akstrinum í ævintýr. Komdu og prófaðu nýjan Cross Polo.

Tilboðsverð frá:
2.990.000 kr.
Verðlistaverð: 3.390.000 kr.

- 17,5 cm veghæð
- Hraðastillir
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Xenon aðalljós og LED dagljós
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- 17" Canyon felgur
- Hiti í framsætum
- App Connect með Mirror Link og Apple Car Play
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun á tónlist

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Brasilíski markvörðurinn Barbara lendir hér í kröppum dansi við samherja og mótherja í leiknum á Laugardalsvelli í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Jákvæð teikn þrátt fyrir tap

**Ísland hefur leik á EM í Hollandi eftir rúman mánuð. Íslenska liðið spilaði sinn síðasta vináttuleik í gær gegn firnasterkum Brössum og tapaði með minnsta mun. Þjálfarinn horfir jákvæðum augum á framhaldið.**

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög ánægður með frammistöðuna,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, eftir 1-0 tap gegn Brasilíu, einu besta kvennalandsliði heims í gærkvöldi.

Marta, sem er jafnan talin besta knattspyrnukona allra tíma, skoraði eina mark leiksins á 67. mínútu. Hún slapp þá inn fyrir vörn Íslands og setti boltann undir Guðbjörgu Gunnarsdóttur og inn. Svekkjandi niðurstaða eftir flottan leik.

### Eitthvað til að byggja á

Freyr segir að frammistaðan hafi verið góð og horfir, eðlilega, ekki í úrslitin enda um vináttulandsleik að ræða og aðalatriðið að liðið spili sig enn betur saman fyrir stóru stundina, en nú er rúmur mánuður þangað til flautað verður til leiks í Hollandi þar sem stelpurnar okkar verða vonandi hrókar alls fagnaðar. Að tapa 1-0 gegn einu besta liði heims er engin skömm og það tekur Freyr undir:

„Ég sagði það fyrir leikinn og ætla standa við það að úrslitin skipta ekki máli,“ sagði Freyr.

„Frammistaðan var geggjuð eftir minni tilfinningu og eftir þeim upplýsingum sem ég fékk í hálfleik um hvernig tölfræðin var. Þetta er eitthvað til að byggja á og ég er stoltur af liðinu.“

### Vantaði endahnútinn

Frammistaða Íslands í leiknum var eins og áður segir mjög góð, en það sem vantaði var að koma boltanum yfir línuna. Holningin á liðinu var mjög góð og það lítur ansi vel út fyrir Evrópumótið. Aðaláhyggjuefni Freys er nú hvernig liðið ætlar að skora mörk í sumar.

„Auðvitað er neikvætt í því líka að við erum ekki að klára færin. Ég er ósáttur við það og við verðum að laga það. Þegar það verða stig í boði þá verðum við að klára þessi færi. Við getum ekki lagt svona mikið í leikinn og fengið svona mörg færi án þess að það gefi okkur neitt.“

### Enn ein krossbandaslitin

Krossbandsslit hafa gert landsliðinu erfitt fyrir undanfarin ár og í gær varð ljóst að Margrét Lára Viðarsdóttir er með slitið krossband og getur því ekki spilað með liðinu á EM í sumar, en Margrét Lára er fyrirliði liðsins.

Hólmfríður Magnúsdóttir meiddist einnig fyrr á árinu og fleiri lykilmenn eins og Dóra María Lárusdóttir hafa einnig lent í erfiðum meiðslum, en ætlar þetta engan enda að taka?

„Jú. Þetta er búið núna. Þetta er ótrúlegt. Ég á ekki til orð og auðvitað er þetta sorglegt fyrir hana [Margréti Láru] sem fyrirliða liðsins, þennan stórkostlega íþróttamann. Það er ekki meira af meiðslum. Nei, takk!“ sagði þjálfarinn ákveðinn.

> Við getum ekki lagt svona mikið í leikinn og fengið svona mörg færi án þess að það gefi okkur neitt.
>
> Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari



### Glaður Freyr á koddann í kvöld

Ég held að það sé engin spurning að Freyr Alexandersson var glaður þegar hann lagðist á koddann í gærkvöldi. Að tapa með minnsta mun og mögulega ósanngjarnt gegn einu besta kvennalandsliði heims er ekkert til að skammast sín fyrir. Leikkerfið og uppleggið í leiknum svínvirkaði og allir leikmenn lögðu sig virkilega fram í allt sem var lagt upp með.

Það verður erfitt fyrir leikmennina af bekknum að brjótast inn í liðið eftir frammistöðu þeirra ellefu sem byrjuðu leikinn í kvöld. Eitt er víst að þetta íslenska lið, með Söru Björk Gunnarsdóttur í fararbroddi, mun berjast til síðasta blóðdropa á EM í sumar og rúmlega það.

**anton@365.is**




## Nýjast

**Vináttulandsleikur**

| | |
|---|---|
| **Ísland - Brasilía** | **0-1** |

0-1 Marta (67.).

**Byrjunarlið Íslands:** Guðbjörg Gunnarsdóttir - Glódís Perla Viggósdóttir, Sif Atladóttir (73. Málfríður Erna Sigurðardóttir), Ingibjörg Sigurðardóttir - Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (78. Anna María Baldursdóttir), Sigríður Lára Garðarsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir, Hallbera Gísladóttir (53. Rakel Hönnudóttir) - Agla María Albertsdóttir (85. Elín Metta Jensen), Katrín Ásbjörnsdóttir (63. Berglind Björg Þorvalsdóttir), Fanndís Friðriksdóttir (85. Svava Rós Guðmundsdóttir).

### VERÐUR ÝMI HENT Í ÞÁ DJÚPU?



Ísland mætir Tékklandi í Brno í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM 2018 í handbolta klukkan 16.10 í dag. Óvíst er með þátttöku varnarmannsins Bjarka Más Gunnarssonar en hann meiddist á æfingu í fyrradag. Arnar Freyr Arnarsson er einnig tæpur vegna meiðsla. Því var Valsmaðurinn ungi Ýmir Örn Gíslason tekinn með til Tékklands. Og svo gæti farið að hann léki sinn fyrsta keppnisleik fyrir Ísland í dag. „Hann hefur ákveðna eiginleika sem við erum að leita eftir upp á varnarleikinn sem við ætlum að reyna að þróa. Hann staðfesti það á æfingamótinu í Noregi. Það er ekki stærsta sviðið en gaf ákveðnar vísbendingar. Þess vegna ákváðum við að taka hann með, bæði svo hann fengi reynslu en kannski er hann á leið í djúpu laugina, hver veit?“ sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson við íþróttadeild í gær.

**AglaMaría kjúlli á að vera sjá um boltana þessa vikuna á æfingu, en er bara því miður að brillera með A landsliðinu.**

Berglind Hrund Jónasdóttir
**@BeGGaNN**

### MARGRÉT LÁRA FER EKKI Á EM

Margrét Lára Viðarsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, verður ekki með á EM í Hollandi sem hefst 16. júlí. Margrét Lára er með slitið krossband í hné og því er tímabilinu lokið hjá henni. Margrét Lára meiddist í 1-4 sigri Vals á Haukum í 29. maí síðastliðinn og um helgina kom svo í ljós að krossband í hné er slitið. Þetta er mikið áfall fyrir Ísland en Margrét Lára er ekki bara fyrirliði landsliðsins heldur einnig markahæsti leikmaður þess frá upphafi með 77 mörk í 117 leikjum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.55 | **Huesca - Getafe** | Sport 2 |
| 19.45 | **Grindavík - FH** | Sport |

**Pepsi-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **KA - ÍA** | Akureyrarv. |
| 19.15 | **Breiðablik - Valur** | Kópav. |
| 20.00 | **Grindavík - FH** | Grindavíkurv. |

**Inkasso-deildin**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **Þróttur - Leiknir R.** | Eimskipsv. |

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. júní 2017 | 23. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fyrrverandi Actavistoppar að kaupa verksmiðjuna

Hópur fyrrverandi stjórnenda Actavis vinnur nú að því að ganga frá fjármögnun vegna kaupa á verksmiðju fyrirtækisins. Á meðal þeirra eru Stefán Jökull og Sigurgeir Guðlaugsson. Áforma að nýta hana einkum til framleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki. »2



»2

### Fékk 20 milljóna aukagreiðslu

Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, fékk tuttugu milljóna króna aukagreiðslu frá sjóðnum í fyrra vegna starfa sinna þar síðustu fjögur ár.

»4

### Þurfum að mennta verslunarfólk meira

Eigi íslensk verslun að keppa við erlenda keppinauta þarf hún að fylgja í fótspor þeirra og leggja meira upp úr menntun og starfsþjálfun, segir Kjartan Örn Sigurðsson.

»5

### Innviðafjárfesting á Íslandi í sögulegu lágmarki

„Áframhaldandi uppsveifla í hagkerfinu samfara stöðugri fjölgun ferðamanna gerir fjárfestingar í innviðum samfélagsins óhjákvæmilegar.“




# Herdís fékk 20 milljóna króna aukagreiðslu

**48,5**

**milljónir fékk Herdís Dröfn greiddar frá sjóðnum í fyrra.**

Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, fékk tuttugu milljóna króna aukagreiðslu frá sjóðnum í fyrra vegna starfa sinna þar síðustu fjögur ár. Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður sjóðsins, segir í samtali við Markaðinn að um sé að ræða uppgjör á samningi við Herdísi sem gerður var árið 2013.

„Það var gerður samningur við hana árið 2013 um að ef hún yrði áfram starfandi hjá sjóðnum árið 2016, þá kæmi til þessarar aukagreiðslu sem yrði gerð upp 2016," nefnir hann. Markmiðið hafi verið að hvetja hana til þess að starfa áfram hjá sjóðnum.

Fram kemur í ársreikningi Framtakssjóðsins að Herdís hafi fengið greiddar 48,5 milljónir króna í laun og hlunnindi í fyrra. Hækkaði greiðslan um 78%, eða sem nemur umræddri aukagreiðslu, á milli ára.

Laun starfsmanna Framtakssjóðsins, sem eru fjórir talsins, hækkuðu um 13,5% á milli ára og námu tæpum 135 milljónum króna í fyrra. Laun stjórnarmanna sjóðsins lækkuðu hins vegar um 0,8% á milli ára og voru 13,2 milljónir króna árið 2016.

Herdís Dröfn var ráðin framkvæmdastjóri sjóðsins í mars árið 2014 en áður hafði hún starfað þar sem fjárfestingastjóri frá árinu 2010. Hún er auk þess stjórnarformaður Icelandic Group og situr í stjórn Invent Farma. Eins og kunnugt er sagði hún sig úr stjórn tryggingafélagsins VÍS fyrr á árinu eftir að í ljós kom að hún hafði ekki stuðning meirihluta nýrrar stjórnar til að gegna áfram formennsku í félaginu. Áður hafði hún gegnt starfi stjórnarformanns VÍS frá því í nóvember árið 2015. Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fjárfestir og einn af stærstu hluthöfum VÍS, var kjörin stjórnarformaður í hennar stað, en mikil átök hafa sett mark sitt á störf stjórnarinnar á undanförnum misserum.

Samþykkt var á aðalfundi Framtakssjóðsins í síðasta mánuði að greiða sjö milljarða króna arð til hluthafa, sem eru að langstærstum hluta lífeyrissjóðir auk Landsbankans og VÍS. Að auki var samþykkt að lækka hlutafé sjóðsins um 3,2 milljarða. Alls verða því greiddir 102 milljarðar króna til hluthafanna. Útgreiðslurnar skýrast aðallega af sölu á dótturfélögum Invent Farma sem og Icelandic Group, sem er nú stærsta fjárfesting sjóðsins, í fyrra.

Eftir þessar útgreiðslur hefur Framtakssjóðurinn greitt alls 69,1 milljarð króna til hluthafa frá upphafi en kallað inn 43,3 milljarða króna.

Hagnaður Framtakssjóðsins nam rúmum 6,9 milljörðum króna í fyrra. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir sjóðsins um 13,9 milljörðum króna og var bókfært eigið fé í lok árs 2016 einnig 13,9 milljarðar. Sjóðurinn innleysti í fyrra hluta af fjárfestingum sínum í Icelandic Group, Promens og Invent Farma í formi sölu hlutabréfa til félaganna sjálfra og einnig í formi lækkunar hlutafjár í Icelandic.

**kristinningi@frettabladid.is**



**MARKAÐURINN**

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Í júní 2015 var tilkynnt um að verksmiðjan yrði tekin úr notkun árið 2017 og 300 störf myndu tapast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Freista þess að kaupa verksmiðju Actavis

**Fyrrverandi lykilstjórnendur Actavis, meðal annars Stefán Jökull og Sigurgeir Guðlaugsson, vinna nú að því að ganga frá fjármögnun vegna kaupa á verksmiðjunni í Hafnarfirði. Verður einkum nýtt til framleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki.**

Hópur fyrrverandi lykilstjórnenda og starfsmanna Actavis freistar þess nú að ganga frá kaupum á lyfjaverksmiðju fyrirtækisins í Hafnarfirði en eigandi hennar er ísraelska samheitalyfjafyrirtækið Teva. Talið er að kaupverðið geti verið í kringum 15 milljónir evra, jafnvirði um 1.700 milljóna íslenskra króna miðað við núverandi gengi, en vonir standa til að hægt verði að ganga frá kaupunum á allra næstu vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Á meðal þeirra sem leiða hópinn eru Stefán Jökull Sveinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri þróunarsviðs Actavis á heimsvísu, Torfi Rafn Halldórsson, eigandi íslenska lyfja- og heilbrigðisvörufyrirtækisins Williams & Hall, Bolli Thoroddsen, fyrrverandi sérfræðingur hjá Actavis Group, og Sigurgeir Guðlaugsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Novator Healthcare og Novator Partners, en hann stýrði jafnframt samruna og yfirtökum Actavis á árunum 2003 til 2006. Á undanförnum árum hefur Sigurgeir meðal annars verið framkvæmdastjóri líftæknifyrirtækisins Zymetech og starfrækt ráðgjafarfyrirtækið Citalfort Consulting.

Hópurinn vinnur nú að því að ljúka við fjármögnun vegna fyrirhugaðra kaupa á verksmiðjunni en ýmsir innlendir fjárfestar eru sagðir áhugasamir um að það takist að viðhalda þeirri lyfjaframleiðslu á Íslandi sem lagðist af þegar verksmiðjan var tekin úr notkun í byrjun þessa árs. Á meðal fjárfesta sem leitað hefur verið til er Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, fyrrverandi forstjóri Actavis á Íslandi, en í samtali við Markaðinn sagðist hún ekki hafa tekið neina ákvörðun á þessu stigi um hvort hún myndi hafa aðkomu að kaupunum. Það er fyrirtækjaráðgjöf Virðingar ásamt erlendum ráðgjafa sem leiðir söluferlið en formlegar viðræður við fjárfestahópinn hófust fyrir um mánuði. ViðskiptaMogginn greindi frá því þann 4. maí síðastliðinn að tveir fjárfestahópar væru að bítast um að kaupa verksmiðjuna.



**Stefán Jökull Sveinsson**



**Bolli Thoroddsen**

**15**

**milljónir evra er gróflega áætlað að geti verið kaupverðið á verksmiðjunni.**

Áform fyrrverandi yfirmanna og starfsmanna Actavis standa einkum til þess að nýta verksmiðjuna til lyfjaframleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki en auk þess er stefnt að því að fá markaðsleyfi fyrir framleiðslu á samheitalyfjum.

Lyfjafyrirtækið Allergan, þáverandi móðurfélag Actavis á Íslandi, tilkynnti í júní 2015 um þá ákvörðun að verksmiðjunni í Hafnarfirði yrði lokað árið 2017 og að um 300 störf myndu tapast samhliða því. Frá því var greint í Fréttablaðinu skömmu síðar að lyfjafyrirtækið Alvogen, sem er stýrt af Róberti Wessman, fyrrverandi forstjóra Actavis, hefði gert formlegt tilboð í verksmiðju Actavis en það var með þeim skilyrðum að framleiðsla fyrir íslenska markaðinn myndi fylgja með í kaupunum. Ekki var áhugi fyrir því af hálfu Teva, núverandi móðurfélags Actavis á Íslandi, og því varð ekkert af kaupunum.

Actavis hefur gengið kaupum og sölum á undanförnum árum. Lyfjafyrirtækið Watson keypti þannig félagið árið 2012 og sameinuðust þá fyrirtækin undir nafni Actavis en þremur árum síðar var nafninu breytt í Allergan. Starfsemin á Íslandi hefur hins vegar haldið Actavis-nafninu þrátt fyrir sameininguna við Allergan og síðar kaup Teva á samheitalyfjahluta Allergan fyrir rúmlega 40 milljarða Bandaríkjadala í ágúst 2016. **hordur@frettabladid.is**

# Fjárfestingarfélag Finns Reyrs og Steinunnar hagnast um 2,4 milljarða

Fjárfestingarfélagið Snæból ehf., sem er í eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, hagnaðist um 2.423 milljónir króna eftir tekjuskatt á árinu 2016 borið saman við hagnað upp á ríflega 1.350 milljónir árið áður, að því er fram kemur í nýjum ársreikningi félagsins.

Meirihluti hagnaðarins kemur til vegna jákvæðrar afkomu af fjárfestingareignum upp á liðlega 1.425 milljónir króna og þá skiluðu dóttur- og hlutdeildarfélög Snæbóls einnig hagnaði upp á tæplega 850 milljónir. Eignir félagsins voru rúmlega 10 milljarðar í árslok 2016 og eigið fé þess um 8,8 milljarðar. Ekki verður greiddur arður til hluthafa vegna afkomu síðasta árs.



**Finnur Reyr Stefánsson, fjárfestir**

Fjárfestingarfélag þeirra hjónanna er á meðal stærstu hluthafa í Sjóvá með 8,8 prósenta eignarhlut og þá átti það jafnframt um fimm prósenta hlut í lyfjafyrirtækinu Invent Farma sem var selt fyrir um 215 milljónir evra í fyrra. Finnur og Steinunn hafa verið áberandi í íslensku viðskiptalífi undanfarin ár en í gegnum Snæból og fjárfestingarfélagið Sigla, sem þau eiga helmingshlut í, hafa þau meðal annars komið að fjárfestingum í Heimavöllum, Regin fasteignafélagi, Kviku banka og lúxushótelinu við Hörpu.

Þá á Finnur Reyr, ásamt viðskiptafélaga sínum Tómasi Kristjánssyni og öðrum fjárfestum, einnig rúmlega tveggja prósenta hlut í Icelandair Group í gegnum eignarhaldsfélagið Traðarhyrnu. **- hae**

JAGUAR

# AUKIN ÞÆGINDI VIÐ BREYTILEGAR AÐSTÆÐUR

JAGUAR




Jaguar XE og Jaguar XF eru fáanlegir með hinu fullkomna Jaguar ASPC fjórhjóladrifskerfi sem hentar einstaklega vel við aðstæður þar sem allra veðra er von.

Allar gerðir Jaguar fólksbíla eru með yfirbyggingu úr áli sem tryggir léttleika og lága eldsneytisnotkun. Nýjasta fjölarma fjöðrunartækni tryggir þægilegan akstur og framúrskarandi aksturseiginleika.

Jaguar bílar eru þekktir fyrir fallegt efnisval og vandaðan frágang innréttingar og allir Jaguar eru með þriggja ára reglubundið þjónustueftirlit innifalið í verði.

Jaguar XE PURE, sjálfskiptur, dísli, 180 hestöfl. **Verð frá: 5.290.000 kr.**
Jaguar XF PURE, sjálfskiptur, dísli, 180 hestöfl. **Verð frá: 5.790.000 kr.**

**jaguarisland.is**

THE ART OF PERFORMANCE

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM82304




**Sérverslanir á borð við Kjöt og fisk sem bjóða upp á tilbúna rétti hafa sótt í sig veðrið nýverið hjá nýrri kynslóð neytenda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þurfum að mennta verslunarfólk betur

**Fjárfesta þarf í mannauði íslenskra verslana til að keppa við erlenda keppinauta. Engin samfelld námsleið er í boði fyrir þá sem vilja mennta sig og sérhæfa í verslun. Afkoma verslananna versnar ef ekki er endurfjárfest í þeim. Meðalverðmæti körfu í Bónus lækkað.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Við getum ekki keppt í stærðarhagkvæmni við útlöndin en við getum keppt með því að mennta mannauðinn okkar," segir Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Verslanagreiningar.

Hann lauk nýverið við ritgerð til MBA-náms við Háskóla Íslands um tækifæri til að bæta afkomu í verslun. Kjartan Örn hefur starfað í verslunargeiranum í 20 ár, bæði í heild- og smásöluverslun, og situr í stjórn Samtaka verslunar og þjónustu.

Tímamót eru nú í íslenskri verslun. Erlendar keðjur eru að koma til landsins í stórum stíl þar sem Costco og H&M eru mest áberandi. Kjartan Örn telur að þetta þýði að íslensk verslun þurfi að vera meira á varðbergi en áður. „Í Póllandi eru erlendir fjárfestar til dæmis að hagnast á verslun, en þar er lítið af pólskum verslanakeðjum. Ef við viljum reka íslenska verslun og höfum metnað fyrir því, þá hljótum við að vilja fjárfesta í mannauði."

Tilgangur rannsóknar hans var meðal annars að sýna fram á að aukin fagmennska í formi menntunar og þjálfunar leiði af sér bætta rekstrarafkomu og auki samkeppnishæfni í greininni.

„Stóra málið í þessu er að núna, öllum þessum árum eftir að Verslunarskólinn var stofnaður, þá erum við ekki að bjóða neina beina námsleið í skólakerfinu fyrir fólk sem vill mennta sig í kaupmennsku. Þetta er grein þar sem þú getur unnið þig upp úr að vera kerfistæknir í að verða forstjóri. Þetta er grein sem borgar mjög vel," segir Kjartan Örn.

„Vísbendingar eru um að mikil þörf sé á aukinni menntun og þjálfun innan greinarinnar. Þetta er eitthvað sem við þurfum að laga. Bæði þurfum við að laga það út frá þeim sem vilja í framtíðinni leggja stund á kaupmennsku. En einnig þurfum við að styrkja núverandi innviði með því að koma á fót starfsþjálfurum í verslun svipað eins og tíðkast í iðngreinum."

Kjartan Örn bendir á að upplagt væri að vera með viðurkennda starfsþjálfara sem gætu farið inn í ólík fyrirtæki og tekið út raunfærnimat á einstaka starfsmönnum til að þeir gætu skilgreint sig innan einhvers hæfnisramma. „Það sem stendur númer eitt, tvö og þrjú er að það vantar beina námsleið og starfsþjálfara í greininni."

Í ritgerðinni er varpað ljósi á mikilvægt hlutverk verslunar í hagkerfinu. Rúmlega fjórðung af heildarveltu hagkerfisins má rekja til verslunar reiknað út frá virðisaukaskattskýrslum. Árið 2015 höfðu 13 prósent af heildarvinnuafli landsins verslun að aðal- eða aukastarfi og um 6,9 prósent allra fyrirtækja í landinu voru í heild- og smásöluverslun. Heildarvelta í smásöluverslun (án VSK) nam tæpum 400 milljörðum króna árið 2015 samanborið við 376 milljarða árið 2014 á verðlagi þess árs. Vöxtur í veltu smásöluverslunar á milli ára var 5,8 prósent og hefur ekki verið meiri á milli ára frá hruni.

Að mati Kjartans Arnar er erlendis lagt meira upp úr menntun og starfsþjálfun starfsmanna í greininni. „H&M er að fara að opna og fólkið sem er að fara að vinna þar hefur verið sent í 10 til 12 vikur í þjálfun í Póllandi. Þeir munu bjóða fagmennsku þegar þeir opna og frábæra þjónustu því þeir hafa fjárfest gríðarlega í mannauði frá byrjun. Þetta er að mínu mati eina leiðin fyrir okkur á Íslandi til að skapa samkeppnishæfni í verslun, að mennta mannauð okkar og fjárfesta í þessari auðlind."

Kjartan bendir á að stór hluti launatengdra gjalda fari nú þegar í starfsmenntunarsjóði. „Þarna eru milljarðar og í hverjum mánuði erum við að safna og safna upp. Til að fjárfesta í mannauðinum okkar er fjármagnið allt til. Við þurfum að koma því fjármagni í vinnu."

## Þörf á endurfjárfestingu

Að mati Kjartans Arnar þarf einnig að huga að endurfjárfestingu í verslunum. Hann bendir á að samkvæmt nýrri greiningu hafi Bónus á síðastliðnu ári misst markaðshlutdeild í matvöruverslunum sem Íslendingar versla við. Salan hefur minnkað um 8,5 prósent. Á sama tíma hefur salan í Krónunni aukist um 8,2 prósent hjá sama hópi og markaðshlutdeildin aukist. Meðalverðmæti körfu í Bónus lækkar um 2,2 prósent milli ára en hækkar um 1,5 prósent í Krónunni. Þetta hafi ekki sést í 8 ár.

„Þú getur ekki reiknað með því að eigið fé njóti arðsemi endalaust nema endurfjárfesta í rekstrinum þínum. Bónusbúðirnar í dag líta út eins og þær litu út þegar þær voru opnaðar fyrir 25 til 30 árum síðan. Krónan er búin að fara í andlitslyftingu og nútímavæða sig. Fólk þarf breytingu. Svo er Krónan einnig með fleiri tilbúna rétti en Bónus og neyslan er að færast meira í þá átt," segir Kjartan Örn.

**Stóra málið í þessu er að núna, öllum þessum árum eftir að Verslunarskólinn var stofnaður, þá erum við ekki að bjóða neina beina námsleið í skólakerfinu fyrir fólk sem vill mennta sig í kaupmennsku.**

Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Verslanagreiningar






## Airbnb hefur áhrif

Kjartan bendir á að greina megi áhrif Airbnb-útleiguíbúða í miðbænum sé litið til veltutalna íslenskra matvöruverslana. „Vesturbær og miðbær er mjög áhugaverður. Á þessu svæði dregur úr sölu hjá öllum þeim stóru en þó nær Krónan að koma út á pari sé litið til veltu íslenskra korta. Viðskiptavinirnir fluttu burt. Tæplega 2.000 íbúðir eru orðnar Airbnb á svæðinu. Þetta er risa vandamál."

Nýstirni á markaði, til dæmis Eldum rétt sem sendir fólki rétt magn af hráefni til að elda máltíðir, eru einnig að sækja í sig veðrið. „Þetta eru nýjar kynslóðir að koma inn. En ekki bara það heldur er þjóðin að eldast svo mikið. Við höfum aldrei haft jafn mikið af fólki yfir fimmtugu eins og við eigum núna hlutfallslega. Hjá mörgu af þessu fólki eru bara tvö í heimili. Það hentar því mjög vel að fá svona rétti. Þetta er að þjóna í báðar áttir, bæði yngri kynslóðinni og þessum stóra hópi af eldra fólki," segir Kjartan Örn.

# Fólk
Viðburðir

MIÐVIKUDAGUR 14. JÚNÍ 2017



Frímann í Legóbúðinni hefur kubbað í tæp þrjátíu ár. Hann vonast til að sem flestir komi til að býtta í von um að fá kallana sem þá vantar. MYND/ANTON BRINK

# Eins og að sturta niður demöntum

Legóbúðin býður í býttidag á mínífígúrum á morgun. Atvinnunördinn Frímann Valdimarsson ætlar að mæta með fágæta kalla úr einkasafninu, eins og eldgamla geimfara. ➔2




GLAMOUR fylgir með *Stóra- og Risapakkanum*

Kynntu þér málið á 365.is 365

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Það eru allir að tala um Mr. Gold. Hann er sjaldgæfastur og verðmætastur,“ upplýsir Frímann um eftirsóttustu mínífígúru (e. minifigures) Lego sem framleidd var árið 2013 í takmörkuðu upplagi í tíundu seríu. „Þá voru 5.000 stykki af Herra Gulli sett í staka poka og dreift um heimsbyggðina og nú, fjórum árum síðar, er helmingurinn enn ófundinn.“

Á uppboðsvefnum eBay er Mr. Gold metinn á 2.000 Bandaríkjadali, eða tæpar 200 þúsund krónur.

„Á lista yfir hundrað verðmætustu mínífígúrur Lego eru sögupersónur Star Wars ráðandi. Meðal annars eru til tvö eintök af Boba Fett úr 14 karata gulli og kosta tvær milljónir stykkið. Kaupendur í dótabúðum detta ekki í lukkupottinn með slíkar gersemar, því þær eru sérframleiddar og seldar, en Mr. Gold má enn hnjóta um í leikfangabúðum heimsins,“ segir Frímann sem sjálfur er mikill Lego-nörd og keypti sér nýlega Ghost Busters-sett með tíu fígúrum á 40 þúsund krónur. „Þar með eignaðist ég langþráða sögupersónu Bills Murray úr Ghost Busters, sem er uppáhaldið mitt.“

### Dýrmætur fjársjóður

Frímann segir marga í leit að Svarthöfða úr Stjörnustríði og hægt sé að hafa dágott upp úr krafsinu eigi maður verðmætar fígúrur eða heilu settin í fórum sínum.

„Til dæmis eru stakar fígúrur úr Millennium Falcon-setti Star Wars mjög verðmætar og eigi maður á settið með öllu eykst verðgildið enn meir. Ég segi iðulega við foreldra barna sem hingað koma, og helst í áheyrn barnanna, að kaupa ekki meira Lego fyrr en börnin kunni að passa upp á settin sín og kallana sem orðið geta fágætir. Söfnunarleið nördsins er að gæta þess að hafa allt úr sama setti í einum kassa svo það blandist ekki öðru. Með því átta krakkar sig á því, og oft í fyrsta sinn, að þau eiga verðmæti í leikfangasafninu og gott að hafa á bak við eyrað að söfnunargildi Lego eykst með tímanum og að alvöru stöff leynist inni á milli.“



Persónur úr Star Wars eru áberandi í 100 efstu sætunum um verðmætustu mínífígúrur Lego. MYND/ANTON BRINK

Sjálfur gaf Frímann litla bróður sínum fokdýrt sett með verðmætri fígúru.

„Næst þegar ég kom í heimsókn var búið að taka hendurnar af kallinum og setja nýjar í staðinn. Þá barði ég í borðið og sagði að þetta gengi bara ekki! Þetta væri eins og að sturta niður demöntum!“ segir hann og brosir, en öllu gamni fylgir alvara.

„Lego-kallar og sett eru ekki endalaust til. Hver sería er að meðaltali í sölu í eitt til tvö ár. Þannig dettur Force Awakens-línan úr Star Wars út í desember næstkomandi, og um leið og framleiðslu er hætt en einhver á hana til í óopnuðum pakkningum getur hún rokið upp í verði.“

### Heillandi og frægir kallar

Á morgun býður Legóbúðin í Smáralind öllum að koma og býtta á mínífígúrum. Býttað verður á vegum búðarinnar frá hádegi til kvölds en á milli klukkan 17 og 19 býðst öllum að koma með kallana sína og býtta við aðra gesti Legóbúðarinnar.

„Við elskum þessa litlu Legokalla og fyrir þá sem vantar einn kall í sett eða eru að leita að ákveðnum kalli er tilvalið að mæta á svona býttidag. Við höfum þegar togað í nokkra spotta og búin að

> „Næst þegar ég kom var búið að taka hendurnar af kallinum og setja nýjar í staðinn. Þá barði ég í borðið og sagði að þetta bara gengi ekki!

verða okkur úti um alveg helling af eldri gerðum af Minifigures-pokum,“ upplýsir Frímann spenntur.

Hvað eftirsóknarverðast sé á býttidegi sem þessum segir Frímann fara eftir áhugasviði hvers og eins.

„Í Batman-seríunni, sem hætti 1. maí, voru nokkrar fígúrur mjög vinsælar, eins og Jókerinn, Harley Quinn og Glam Rock-útgáfan af Batman, en í þeirri seríu voru alls tuttugu fígúrur úr Batman Legobíómyndinni. Þessar vinsælustu voru þó ekki í settunum sjálfum heldur eingöngu seldar sér og því ekki hægt að fá með öðrum hætti.“

### Legónördar á áttræðisaldri

Mínífígúrur Lego komu fyrst á markað 1978. Í tölfræði Lego segir að til ársins 2010 hafi verið framleiddar 3,7 milljarðar fígúra og eru persónur fígúrukallanna yfir 3.600 talsins.

„Fyrstu mínífígúrurnar voru allar eins, með rauðan búk og handalausar, og réði ímyndunaraflið hver væri hvaða persóna í leik. Árið 1980 fengu kallarnir loks hendur og hafa litið eins út síðan. Mínífígúrur í stökum pokum eru sjóðheitar til söfnunar og reynt að safna köllum úr hverri seríu sem komnar eru yfir tuttugu alls,“ segir Frímann innan um stútfulla kassa af mínífígúrugóssi sem bíða býttis.



Lego-nördinn Frímann Valdimarsson segir að passa eigi kallana vel.

„Mann vantar alltaf kalla! Brátt verð ég þrítugur og þótt ég hafi kubbað stöðugt í 26 ár og sé kominn með ágætis safn vantar mig enn nokkra góða. Vonandi kemur hellingur af liði til að býtta!“

Í Lego-búðinni vinna eingöngu Lego-nördar enda finnst Frímanni lykilatriði að viðskiptavinir komi ekki að tómum kofunum með eitt eða neitt sem viðkemur Lego.

„Þeir sem koma fagnandi á býttidag eru allt frá krökkum yfir í áttræða Lego-nörda. Þetta er afar vinsælt hjá krökkum en líka fullorðnu fólki og eru nokkrir öldungar sem koma hingað reglulega til að spjalla um Lego í þrjá, fjóra tíma, sem okkur þykir auðvitað mjög skemmtilegt.“

Mínífígúrudagur Legóbúðarinnar í Smáralind er á morgun, fimmtudag, frá klukkan 12 til 21.

YFIRHAFNA
DAGAR

20%
afsláttur
af öllum
yfirhöfnum
Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX


SUMARYFIRHAFNIR 20% AFSLÁTTUR
Fylgdu okkur á facebook.com/laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63, Skipholti 29b • S. 551 4422

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Innviðafjárfesting á Íslandi í lágmarki



**Sölvi Blöndal,**
hagfræðingur hjá GAMMA Capital Management

**Uppsöfnuð fjárfestingarþörf innviða 230 ma.kr.**




■ Of/vanfjárfesting í innviðum í milljörðum króna

Heimild: Hagstofa Íslands

Varla er um það deilt að innviðastofn samfélagsins, hafnir, flugvellir, vegir, brýr, göng, flutningskerfi raforku, breiðband og aðrir innviðir upplýsingatækni – spítalar og skólar – séu forsenda hagvaxtar og velferðar til lengri tíma. Tengsl hagvaxtar og innviðastofns eru vinsælt rannsóknarefni innan hagfræðinnar. Reynslan hefur sýnt að viðvarandi skortur á nýfjárfestingu í innviðum mun að öðru óbreyttu draga úr möguleikum til hagvaxtar. Á Íslandi skipta innviðir miklu máli. Ísland er strjálbýlt land með þrjá íbúa á hvern ferkílómetra (miðað við 269 íbúa í Bretlandi, 234 í Þýskalandi) og kostnaður vegna innviða þar af leiðandi hærri enda æskilegt hlutfall innviðafjárfestingar af vergri landsframleiðslu (VLF) hærri á Íslandi en flestum löndum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

**Staða innviðafjárfestingar**

Ein af helstu afleiðingum fjármálakreppunnar 2008 var aukin skuldsetning hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Í kjölfarið dró víða verulega úr fjárfestingu, og þá sérstaklega nýfjárfestingu í innviðum. Árið 2016 stóð nýfjárfesting í innviðum í 2,5% af VLF meðal OECD-ríkja miðað við 5% árið 1990. Það er því ljóst að skortur á innviðafjárfestingu er að mörgu leyti alþjóðlegt vandamál en OECD metur nú fjárfestingarþörf í innviðum um helmingi hærri, eða 4,1% af vergri landsframleiðslu.

Þrátt fyrir að síðustu ár hafi hagvöxtur meðal OECD-ríkja tekið við sér er innviðafjárfesting enn í algeru lágmarki. Ísland er þar engin undantekning. Frá árinu 2009 hefur fjármunastofn innviða á Íslandi dregist saman úr 73% af VLF árið 2009 í 62% árið 2016 og hafði þá aldrei verið lægri og rúmlega 10% lægri en þurfa þykir til að viðhalda sama hagvaxtarstigi til langs tíma. Með öðrum orðum hafa afskriftir stofnsins verið meiri á tímabilinu en nýfjárfesting og gengið hefur á notagildi hans.

Á árunum 1990 til 2008 nam árleg nýfjárfesting í innviðum um 5,5% af VLF að meðaltali sem ætla má að nauðsynlegt sé til að viðhalda 2,5% til 3% hagvexti til langs tíma. Samdráttur í nýrri fjárfestingu innviða hefur verið einkar áberandi síðan 2008 en árið 2016 var hlutfall nýrrar innviðafjárfestingar 3,8% miðað við tæplega 6% árið 2008. Hlutfall nýrrar fjárfestingar í innviðum náði sögulegu lágmarki árið 2012 þegar það nam 2,5% af VLF. Miðað við fyrrnefnt meðaltal hleypur uppsöfnuð fjárfestingarþörf í íslenskum innviðum, hefðbundnum og samfélagslegum, á bilinu 15% til 17% af VLF, eða um 230 milljörðum króna. Um helming þessarar upphæðar má rekja til uppsafnaðrar fjárfestingarþarfar í samgöngum. Ætla má að fjárfesting í innviðum á næstu sjö til tíu árum nemi 400 milljörðum eða um 25 prósentum af VLF.

**Fjármögnun framkvæmda**

Helstu einkenni innviðafjárfestinga eru töluverðar aðgangshindranir inn á markaðinn, stærðarhagkvæmni (hár fastur kostnaður, lágur breytilegur kostnaður), óteygin eftirspurn eftir þjónustunni, lágur rekstrarkostnaður, flókið reglugerðarumhverfi og ítarlegir samningar, og langur líftími. Í flestum tilfellum hafa fjárfestingar í íslenskum innviðum verið fjármagnaðar af hinu opinbera og þá oftast með aukinni skuldsetningu. Þó eru dæmi um aðkomu einkaaðila að framkvæmdum í innviðum eins og framkvæmd Hvalfjarðarganganna sýnir. Eina ástæðu fyrir takmörkuðum fjárfestingum opinberra aðila í hefðbundnum innviðafjárfestingum má rekja til sívaxandi útgjalda til heilbrigðismála, menntamála og félagsþjónustu. Til að fjármagna aukna fjárfestingu í innviðum geta stjórnvöld hækkað skatta og aukið útgáfu ríkisskuldabréfa en þá að sama skapi átt það á hættu að lækka í lánshæfi.

Stjórnvöld hafa hins vegar einnig leitað nýrra leiða til uppbyggingar innviða, með aðkomu einkaaðila. Markmiðið með því er að draga úr ríkisskuldum og hallarekstri, flýta uppbyggingu þjóðhagslega arðbærra verkefna, auka kostnaðarþátttöku þeirra sem nýta opinbera þjónustu og nýta almennt kosti einkaframtaks.

Við ákveðnar kringumstæður er einkaframkvæmd talin vera hagkvæmur kostur og er þá helst horft til hversu mikil áhætta fylgir framkvæmdinni, hvort einkaaðili búi yfir meiri færni en opinber aðilar eða hvort einkaaðili geti náð fram samlegðaráhrifum í gegnum aðra starfsemi sína. Einkaframkvæmd fylgja lægri útgjöld í upphafi fyrir ríkið og kostnaður dreifist yfir lengra tímabil. Mótrök gegn aðkomu einkaaðila að innviðafjárfestingum er að fjármagnskostnaður sé að jafnaði hærri en hjá opinberum aðilum. Hins vegar má ætla að sá munur minnki ef opinberir aðilar skuldsetja sig fyrir öllum þessum verkefnum því þá kemur að því að lánshæfi þeirra lækkar sem leiðir til þess að fjármagnskostnaður opinberra aðila hækkar.

Reynslan sýnir oft ágætan árangur af aðkomu einkaaðila að innviðafjárfestingum og hefur einn helsti kosturinn verið sá að verkefni framkvæmd með aðkomu einkaaðila taka skemmri tíma en opinber verkefni og eru oftar nær eða undir kostnaðaráætlun. Auk þess má benda á að einkafjármagn getur komið af stað innviðafjárfestingum sem ella hefði verið ráðist í mun seinna eða hreinlega ekki verið ráðist í ef þær væru einungis fjármagnaðar af hinu opinbera. Nauðsyn þess að ráðast í innviðafjárfestingar hefur sjaldan verið meiri en nú. Áframhaldandi uppsveifla í hagkerfinu samfara stöðugri fjölgun ferðamanna gerir fjárfestingar í innviðum samfélagsins óhjákvæmilegar.



## Skotsilfur

### Skipar Guðjón



Starfshópur fjármálaráðherra kynnti í gær skýrslu þar sem útlistaðar eru þrjár mögulegar leiðir við að aðskilja fjárfestingarbanka- og viðskiptabankastarfsemi og lagt mat á kosti og galla hverrar leiðar. Ráðherra hyggst í kjölfarið skipa fimm manna nefnd sem mun vinna úr þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni og á nefndin að skila niðurstöðum sínum næstkomandi haust. Á meðal þeirra sem munu taka sæti í nefndinni, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, er Guðjón Rúnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, en hann verður á meðal þriggja fulltrúa sem verða skipaðir af fjármálaráðherra en stjórnarandstaðan mun hins vegar tilnefna tvo sérfræðinga í nefndina.

### Ómar til Íslandsbanka



Ómar Özcan, sem hefur starfað hjá Íslenskum verðbréfum frá því í ársbyrjun 2016, hefur verið ráðinn sem sérfræðingur í verðbréfamiðlun Íslandsbanka. Ómar hafði áður meðal annars starfað í eigin viðskiptum hjá Arion banka og á árunum 2009 til 2011 var hann í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka og H.F. Verðbréfa. Með ráðningu Ómars er Íslandsbanki að bregðast við brotthvarfi Harðar Steinars Sigurjónssonar og Matei Manolesco en þeir hættu í verðbréfamiðlun bankans fyrir skemmstu og fór annar til Landsbankans og hinn til Fossa markaða.

### Kvika vildi ALDA



Miklar þreifingar eru á fjármálamarkaði þessa dagana þar sem mörg smærri fjármálafyrirtæki, meðal annars Virðing, Arctica Finance og Íslensk verðbréf, skoða nú möguleg tækifæri til sameiningar. Virðing reið á vaðið í síðustu viku þegar tilkynnt var um kaup félagsins á öllu hlutafé ALDA sjóða en vitað er að Kvika banki hafði einnig verið á eftir sjóðastýringarfyrirtækinu. Í tilkynningu var haft eftir **Hannesi Frímanni Hrólfssyni**, forstjóra Virðingar, að kaupin væru liður í því að styrkja félagið á sviði eignastýringar en heildareignir í stýringu hjá samstæðu Virðingar verða um 140 milljarðar.

## Tæp þrjátíu þúsund fyrir að fara ofan í gosbrunninn



**Reglur hafa nú verið settar um að sekta megi ferðamenn um 240 evrur, eða rúmlega 27 þúsund krónur, fyrir að borða eða drekka í kringum Trevi gosbrunninn í Róm. Bannið gildir til 31. október næstkomandi. Matarbannið er eitt af mörgum bönnum. Einnig verður hægt að sekta ferðamenn fyrir að fara ofan í gosbrunninn, að henda einhverju öðru en peningum ofan í hann, og að gefa dýrum að drekka við hann.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Janet Yellen með nýtt og lægra verðbólgumarkmið



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Í dag, miðvikudag, mun Seðlabanki Bandaríkjanna tilkynna stýrivaxtaákvörðun sína og fjármálamarkaðir gera ráð fyrir annarri 0,25% vaxtahækkun. Þar sem markaðir hafa þegar tekið þessa hækkun inn í verðlagið er ólíklegt að hækkunin sjálf hafi mikil áhrif á fjármálamarkaði eða á bandarískt efnahagslíf. Þessi áhrif eru þegar komin fram.

En það þýðir ekki að stýrivaxtahækkunin sé ekki þýðingarmikil. Raunar felast skýr merki í vaxtahækkuninni um að Janet Yellen seðlabankastjóri hafi í raun lækkað raunverulegt verðbólgumarkmið Seðlabankans niður í um 1,7% í stað hins opinbera 2% verðbólgumarkmiðs. Af hverju er það? Af hverju 1,7%? Af því að það er það sem búist er við að verðbólga í Bandaríkjunum verði næstu tvö til þrjú ár.

Staðreyndin er sú að verðbólguvæntingar hafa stöðugt verið undir 2% síðan Janet Yellen varð seðlabankastjóri í febrúar 2014 og við höfum séð verðbólguvæntingar lækka enn frekar eftir stýrivaxtahækkun Seðlabankans í mars. Þannig er Yellen í raun að segja okkur, með því að hækka stýrivextina, að henni sé í raun sama þótt verðbólga í Bandaríkjunum verði áfram undir verðbólgumarkmiðinu.

Að sumu leyti má segja að vandamál Seðlabanka Bandaríkjanna sé andstætt vandamáli Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands lækkar stýrivexti þegar hann ætti í rauninni að hækka stýrivexti og Seðlabanki Bandaríkjanna gerir hið gagnstæða – hann ætti að lækka vexti í dag í staðinn fyrir að hækka þá.

Þessi stefnumistök hafa í för með sér veigamikinn kostnað – þau draga úr trúverðugleika verðbólgumarkmiða bandaríska og íslenska seðlabankans og það hefur alvarlegar afleiðingar til lengri tíma litið þar sem báðir seðlabankarnir verða að bregðast við af meiri hörku til að koma verðbólgunni aftur að verðbólgumarkmiðunum þegar fram í sækir.

> **Að sumu leyti má segja að vandamál Seðlabanka Bandaríkjanna sé andstætt vandamáli Seðlabanka Íslands.**

Þar af leiðandi er líklegra að verðbólguvæntingar byrji að færast neðar í Bandaríkjunum þar sem markaðsaðilar munu með réttu eða röngu álykta að seðlabankanum sé í raun sama um verðbólgumarkmið sitt.

Þótt ég telji nú að Seðlabanki Bandaríkjanna muni hækka stýrivexti sína þá tel ég það vera mistök. Þetta eru ekki stór mistök en þetta verður enn ein staðfesting þess að Janet Yellen sé ekki alvara með að ná 2% verðbólgumarkmiðinu og þetta vandamál mun vaxa á meðan Seðlabanki Bandaríkjanna leyfir verðbólguvæntingunum að halda áfram að mjakast niður á við. Þetta þýðir líka að þegar næsti neikvæði skellur verður í bandaríska hagkerfinu verður erfiðara fyrir seðlabankann að sporna gegn honum.

Það er þversagnakennt að ákafi Seðlabanka Bandaríkjanna í að hækka stýrivexti mun að öllum líkindum valda því að ávöxtun skuldabréfa verði lægri en annars hefði orðið þar sem ávöxtun skuldabréfa endurspeglar hagvöxt og verðbólguvæntingar. Þannig að ef seðlabankinn vill endilega „færa hlutina í eðlilegt horf“ ætti hann að styðja miklu betur við 2% verðbólgu og gera það sem til þarf til að færa verðbólguvæntingar að 2% í stað þess að hækka stýrivexti of snemma.

# Viðskiptaforskot með smörtustu píunni



**Ingibjörg Gréta Gísladóttir**
eigandi Reykjavík Runway og FKA-félagskona

Danir hafa verið sérlega sniðugir og framsýnir þegar kemur að stuðningi við skapandi greinar. Þannig lýsti Mads Mikkelsen í viðtali við Fréttablaðið fyrir stuttu hve dönsk yfirvöld hafa stutt við danskar kvikmyndir með markvissum hætti, að sá stuðningur sé enn til staðar og haldist stöðugur. „Fyrir vikið eru danskar kvikmyndir gríðarlega sterkar á alþjóðlegum mörkuðum og þó það sé munur á milli ára þá eru þetta einfaldlega öflug viðskipti.“

En stuðningurinn á ekki bara við um kvikmyndir því danska ríkið hefur einnig lagt töluverða fjármuni í fyrirtæki sem taka hönnun inn í stefnu sína og viðskiptamódel. Þannig þróaði danska hönnunarmiðstöðin árið 2001 Hönnunarstigann, fjögur þrep af hönnunarnotkun, en hann mælir hvernig dönsk fyrirtæki nýta sér hönnun til fjárhagslegs árangurs.

Fyrsta þrepið merkir að engin hönnun sé sýnileg í fyrirtækinu, enginn faglærður hönnuður með í vöruþróun eða annarri þróun innan fyrirtækisins. Öðru þrepi er náð þegar hönnun er tekin inn í lokaútgáfu vöru eða þjónustu, til dæmis þar sem grafískur hönnuður kemur að markaðsvinnunni. Þriðja þrepinu nær það fyrirtæki sem nýtir hönnun frá fyrstu stigum þróunarferlisins þar sem lausnin snýst um að leysa vandamál viðskiptavinarins sem hefur í för með sér aðkomu allra fagaðila.

Fjórða þrepinu ná hins vegar þau fyrirtæki sem hafa mótað sér hönnunarstefnu þar sem hönnuðir vinna með eigendum og framkvæmdastjórn að viðskiptamódelinu frá upphafi eða eru þátttakendur í að endurhugsa það frá grunni. Hér er einblínt á aðferðafræði hönnunar og að hún sé hluti af sýn fyrirtækisins og markmiðasetningu – jafnt á við aðra hlekki í virðiskeðju fyrirtækisins.

Niðurstaða rannsóknar um efnahagsleg áhrif hönnunar sýnir að þau fyrirtæki sem fjárfesta kerfisbundið í hönnun ná meiri fjárhagslegum árangri að meðaltali, vaxa hraðar, flytja meira út og hagnast meira en þau sem ekki nýta sér aðferðafræði hönnunar. Þess vegna settu Danir fjármagn í að aðstoða fyrirtæki sem nýttu sér hönnun, svo þau kæmust upp um þrep í hönnunarstiganum og skiluðu meiri hagnaði. Einföld og öflug viðskipti.

Hönnun er nefnilega smartasta pían á ballinu.

# HP EliteBook Folio

## Sannkallað augnayndi og einstök afköst

Falleg hönnun og frábær frammistaða sameinast í einni þynnstu og léttustu fyrirtækjatölvu á markaðinum í dag.



**Falleg notendavæn hönnun með 180° löm svo hægt er að leggja hana flata niður.**

**6th Gen Intel® Core™ M series, 8GB vinnsluminni og mjög góð rafhlöðuending.**

**Öryggislausnir HP hjálpa til við að verja gögn fólks á ferðinni og jafnvel áður en vélin er ræst.**

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 14. júní 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Meistarar í markaðsfræðum

**Merkilegt** hefur verið að fylgjast með innreið Costco á íslenskan matvörumarkað og því írafári sem skapast hefur. Þannig virðist annar hver fullorðinn Íslendingur vera meðlimur í Facebook-grúppum tileinkuðum Costco og nánast hver einasta fjölskylda eiga Costco-aðildarkort. Nánast hefur verið svo að skilja að Costco hafi komið sem frelsandi engill inn á markaðinn og frelsað þjakaðar fjölskyldur undan oki innlendra kaupmanna. Því kom nokkuð á óvart að sjá verðlagskönnun RÚV og ASÍ en samkvæmt henni er Costco ívið dýrari en bæði Krónan og Bónus.

**Ekki síður** hefur verið athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum margra, en ekki hefur verið óalgengt að heyra sjónarmið um að maður væri í mysunni í könnuninni góðu. Meðbyr Costco er slíkur að neytendur trúa varla neinu misjöfnu upp á fyrirtækið. Öðruvísi virðist farið um stjórnendur annarra verslunarfyrirtækja en svo má skilja af umræðunni að þeir hafi selt Íslendingum ormétið mjöl allt frá landnámi. Vissulega er myndin þó ekki svo svarthvít. Costco er frábær viðbót í íslenska verslunarflóru, og vonandi sjá fleiri alþjóðleg stórfyrirtæki tækifæri í að koma hingað til lands. Costco er þó ekkert góðgerðarfélag, heldur fyrirtæki sem rekið er með því markmiði að skila sem mestum hagnaði til hluthafa. Rétt eins og önnur verslunarfyrirtæki.

**Costco hefur** spilað stórleik í markaðssetningu sem mætti kenna í markaðsfræðum. Með undirboðum á bensíni og öðrum völdum vöruflokkum hefur tekist að búa til þá mynd að Costco sé mun ódýrari en keppinautarnir. Þeir hafa líka komið með varning til landsins sem hingað til hefur varla þekkst. Þar má nefna ávexti sem eru ferskari og glæsilegri en Íslendingar hafa átt að venjast. Staðreyndin er samt að Costco notar annað viðskiptamódel en þekkst hefur á Íslandi. Vöruúrval er vissulega gríðarlegt en það er stopult og óvíst hvað er til hverju sinni. Ferð í Costco kemur heldur ekki í veg fyrir að fólk versli í hefðbundnum matvöruverslunum. Til þess er úrvalið ekki nægilegt og staðsetningin hentar heldur ekki öllum. Aðrir þurfa þó sennilega að hafa meiri áhyggjur, til dæmis raftækjaverslanir, en fólk hikar almennt ekki við að gera sér sérstakar ferðir eftir slíkum vörum.

**Costco-æðið** mun sennilega renna yfir og ná jafnvægi. Costco verður góð viðbót við markaðinn en mun ekki taka hann yfir. Það kann því að vera að markaðurinn hafi ofmetið Costco-áhrifin og það skyldi þó ekki vera að fjárfestar fari að renna hýru auga til undirverðlagðra verslunarfyrirtækja á markaði.






# Haukur frá SFS til GAMMA

Haukur Þór Hauksson, sem hefur verið aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) undanfarin þrjú ár, hefur hætt þar störfum og mun taka til starfa hjá fjármálafyrirtækinu GAMMA Capital Management. Þar mun Haukur vera yfir einkabankaþjónustu GAMMA sem er nýtt svið í starfsemi félagsins, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.



Haukur Þór Hauksson

Haukur, sem hefur setið í stjórn GAMMA síðastliðin ár, var ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri SFS í lok maí árið 2014. Þar áður hafði hann um árabil gegnt starfi framkvæmdastjóra afleiðusviðs slitabús Kaupþings en á árunum 2004 til 2008 starfaði Haukur sem sérfræðingur í gjaldeyris- og afleiðumiðlun hjá Kaupþingi banka. – hae

**8. 6. 2017**

**En auðvitað hef ég áhyggjur af því að annarleg sjónarmið hins vanhæfa meðdómara hafi smitast yfir á hina dómarana sem sitja sem fastast.**

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrv. forstjóri Kaupþings banka






# FRÉTTABLAÐIÐ

# 90%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup jan.-mars 2017.




Allt sem þú þarft ...

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
14. JÚNÍ 2017 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1618** Þennan dag (að talið er) lætur Joris Verseler prenta fyrsta hollenska fréttablaðið, Courante uyt Italien, Duytslandt, &c. í Amsterdam.

**1777** Bandaríski fáninn Stars and Stripes er tekinn upp af Bandaríkjaþingi.

**1789** Viský er í fyrsta sinn bruggað úr maís af séra Elijah Craig. Nafn sitt fær drykkurinn af heimili hans, Bourbon.

**1940** 728 pólskir pólitískir fangar frá Tarnów eru fyrstu fangarnir sem fluttir eru í Auschwitz-útrýmingarbúðirnar.

**1941** Sovétríkin hefja nauðungarflutninga á Eistum, Litháum og Lettum.

**1949** Fyrsta þyrluflug fer fram á Íslandi til reynslu. Vélin er tveggja sæta Bell-þyrla.

**1970** Bobby Charlton leikur sinn 160. og jafnframt síðasta landsleik, gegn Vestur-Þýskalandi.

**1975** Ferjan Smyrill hefur siglingar til Seyðisfjarðar og hefjast með því ferjusiglingar milli Færeyja og Íslands. Norræna tók við af Smyrli árið 1983.

**1982** Falklandseyjastríðinu lýkur með uppgjöf Argentínu.

**1986** Valgeir G. Vilhjálmsson gengst undir fyrstu hjartaaðgerð sem framkvæmd er á Landspítalanum í Reykjavík.

# Óþelló til Slóvakíu

**Vesturporti og Þjóðleikhúsinu hefur verið boðið á slóvensku listahátíðina Eurokontext og er þar með fyrst íslenskra leikhúsa til að sýna þar. Uppselt er á sýningar hópsins.**



Óþelló verður sýndur með texta í Slóvakíu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vesturporti og Þjóðleikhúsinu var boðið að fara á leiklistarhátíð í Bratislava í Slóvakíu sem er í gangi núna. Þetta er rosalega spennandi hátíð og það er gaman að segja frá því að það er orðið uppselt á sýningarnar okkar þarna – við erum að fara að sýna þetta á íslensku í aðalsalnum í Þjóðleikhúsinu í Slóvakíu, sem er risastór, þannig að það er slatti af fólki að fara að horfa á þetta með texta. Gísli ætlar líka að vera með Masterclass þarna úti – það mætir fullt af fólki á það líka. Við munum svo læðast út af Grímunni, við eigum nefnilega næturflug út á föstudaginn,“ segir Nana Alfredsdóttir hjá Vesturporti en þau eru á leiðinni út til Slóvakíu með Óþelló – þar með er það í fyrsta sinn sem íslenskt leikhús er sýnt þar í landi.

Það er hátíðin Eurokontext sem stendur fyrir komu Vesturports og til þess fékk hátíðin norskan EES-styrk. Dramatúrg hátíðarinnar er Miriam Kičiňová og er yfirskrift hennar fremur pólitísk – sú í ár hefur til að mynda skírskotun í slóvaska öfgaflokka.

„Þessi hátíð er mjög skemmtileg – það er sem sagt alltaf annað hvert ár leiklist og hitt árið ópera og dans. Nú er það leiklistin, en yfirskrift hátíðarinnar er í þetta sinn „menning ógnað af menningu“ [e. civilization threatened by civilization]. Á síðustu hátíð var talað um Berlínarmúrinn og hvernig við í Evrópu erum búin að brjóta niður Berlínarmúrinn en erum enn að byggja nýja veggi – hvernig sagan endurtekur sig. Nú er verið að ræða það að það sé ekki alltaf utanaðkomandi ógn sem stefni siðmenningunni í hættu heldur sé það eitthvað innan okkar eigin siðmenningar sem geti verið ógnin – til að mynda öfgaflokkar. Það eru sextán verk sýnd á hátíðinni og þau voru öll valin með þetta í huga, þess vegna á Óþelló upp á pallborðið þarna. Síðan er fólk líka spennt fyrir því að sjá Jagó sem kvenkarakter – þetta fræga illmenni er oftast karlhlutverk þannig að það er spenna fyrir því.“

Það virðist vera meira en nóg að gera hjá Vesturporti. Hvað er svona á döfinni?

„Það er svo mikil eftirspurn eftir okkur erlendis, en við förum til Póllands í haust til dæmis – Austur-Evrópa er að kalla. Síðan erum við að sýna Í Hjarta Hróa hattar í L.A. og Ameríkutúr í kjölfarið... já og svo er það Ellý hérna heima, þannig að það er alltaf líf og fjör.“ **stefanthor@frettabladid.is**

---



Móðir mín, tengdamóðir og móðursystir,

**Gyða Hallgrímsdóttir Hjelseth**

lést í Ósló mánudaginn 5. júní. Útför hennar verður gerð frá Alfaset kapellu í Ósló 15. júní.

**Gunnar og Kirsti Hjelseth**
**Hallgrímur Ó. Guðmundsson**
**Sylvía Guðmundsdóttir**

---



Ástkæri unnusti minn, faðir okkar, sonur, bróðir og tengdasonur,

**Arnar Jónsson Aspar**
Æsustöðum, Mosfellsbæ,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 16. júní kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning þeirra mæðgna, 528-14-405252 kt. 160588-2099.

**Heiðdís Helga Aðalsteinsdóttir**
**Óskírð Arnarsdóttir Aspar, Emelía Sól Arnarsdóttir**
**Jón B. Aspar, Unnur Hermannsdóttir**
**systkini, tengdaforeldrar og aðrir aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Sigurðar Hannesar Oddssonar**
rafmagnstæknifræðings,
Hringbraut 2a, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til allra sem önnuðust hann í veikindunum hans.

**Hrafnhildur Lúthersdóttir**
**Lúther Sigurðsson** — **Ingibjörg Ragnarsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** — **Páll Ólafsson**
**Gunnhildur L. Sigurðardóttir** — **Kristján Magnússon**
**Oddný Helga Sigurðardóttir** — **Eiríkur Steinarsson**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs sambýlismanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns S. Þórðarsonar**
dvalarheimili aldraðra,
Hraunbúðum, Vestmanneyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Hraunbúðum.

**Lilja Jensdóttir**
**Stefán H. Jónsson**
**Birgir Jónsson**
**Elísabet S. Jónsdóttir**
**Guðrún S. Jónsdóttir** — **Hjalti Steinþórsson**
**Bjartmar Jónsson** — **Liv Reidun Heggland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Lárusson**
verkefnastjóri hjá Isavia,
Pósthússtræti 1, Keflavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut sunnudaginn 4. júní. Hann verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 16. júní kl. 13.

**Jóna Hróbjartsdóttir**
**Lárus F. Guðmundsson** — **Ásta B. Ragnarsdóttir**
**Ágúst Þ. Guðmundsson** — **Lóa Rut Reynisdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Eiður Birkir Guðvinsson**

andaðist á Dvalarheimilinu á Sauðárkróki mánudaginn 12. júní. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn 19. júní kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóði hjá Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki.

**Margrét Guðvinsdóttir** — **Haukur Björnsson**
**Stella Guðvinsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Helga Einarsdóttir**
áður til heimilis að Réttarholti 15, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum fimmtudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 20. júní kl. 14.00.

**Björk Guðmundsdóttir** — **Dan Brynjarsson**
**Alma Guðmundsdóttir** — **Emil Guðjónsson**
**Hlynur Guðmundsson** — **Ingibjörg Hjálmarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



**Birkir Friðbertsson**
bóndi,
Birkihlíð,

verður jarðsunginn frá Suðureyrarkirkju föstudaginn 16. júní klukkan 14.00. Einnig verður haldin minningarathöfn í Guðríðarkirkju þriðjudaginn 20. júní klukkan 13.00.

**Guðrún Fanný Björnsdóttir,**
**börn, tengdabörn**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Þórir Þórðarson**
leigubílstjóri,
Kópavogstúni 5,
áður til heimilis að Safamýri 83,

lést á Landspítalanum Fossvogi 11. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. júní kl. 15.00.

**Ingibjörg Einarsdóttir**
**Þórður Þórisson** — **Unnur Jónsdóttir**
**Einar Þórisson** — **Ólafía Sigurjónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Svanhvít Hafsteinsdóttir**
Heiðvangi 22, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 1. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Níels Ingólfsson**
**Svala Níelsdóttir**
**Ingólfur Níelsson** — **Lóa Katrín Biering**
**Hafsteinn Níelsson** — **Gina Clamares Burasca**
**barnabörn.**


THULE SWEDEN
Ferðavörur


THULE SWEDEN
Hjólafestingar


THULE SWEDEN
Hjólavagnar


THULE SWEDEN
Ferðabox
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg austlæg átt og víða léttskýjað fram eftir degi um landið vestanvert, en nokkur gjóla síðdegis og dálítil rigning syðst um kvöldið. Hvassast á Vestfjörðum og með suðurströndinni. Gengur í austan hvassviðri undir Eyjafjöllum um kvöldið. Hiti 5 til 17 stig, hlýjast vestan til.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↘ 2 | 7° ← 9 | 9° ← 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° ↓ 7 | 10° ← 6 | 7° ← 8 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ↖ 7 | 5° ← 3 | 12° ← 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° ↘ 2 | 10° ← 5 | 6° ↑ 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eldur
6. rún
8. máltíð
9. klastur
11. í röð
12. einkennis
14. lófatak
16. sjó
17. eldsneyti
18. umhyggja
20. óreiða
21. faðmlag

**LÓÐRÉTT**
1. híma
3. kringum
4. saumspor
5. angan
7. úrræðagóður
10. frostskemmd
13. rúm ábreiða
15. að auki
16. ákæra
19. nudd



**LÁRÉTT:** 2. funi, 6. úr, 8. máì, 9. kák, 11. lm, 12. aðals, 14. klapp, 16. sæ, 17. kol, 18. önn, 20. rú, 21. knús.
**LÓÐRÉTT:** 1. húka, 3. um, 4. nálspor, 5. ilm, 7. ráðkænn, 10. kal, 13. lak, 15. plús, 16. sök, 19. nú.

## Skák Gunnar Björnsson

Birkir Karl Sigurðsson átti leik Aleksy Cinovic á alþjóðlegu móti í Ástralíu fyrir skemmstu.
**Hvítur á leik**
**9. Bxf7+! Kxf7 10. Re5+ Ke6 11. Dxg4+! Kxe5 12. Bf4+ Kxe4 13. Bc7+ 1-0.** Aronian og Nakamura eru efstir á ofurskákmótinu í Stafangri í Noregi. Heimsmeistarinn Magnus Carlsen hefur ekki náð sér á strik.
**www.skak.is** Nýjustu skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. JÚNÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikaröð Norræna hússins – Ragnheiður Gröndal
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Tónleikaröð Norræna hússins inniheldur rjómann af íslenskum djassi og íslenskri þjóðlagatónlist, með smá áhrifum frá latínu- og balkantónlist, sem og góðum gesti frá Svíþjóð. Tónleikaserían einkennist af afbragðs tónlistarmönnum og spannar allt frá hinu melankólíska og lágstemmda yfir í hið ástríðufulla og stormasama. Í kvöld er það Ragnheiður Gröndal sem stígur á svið. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Olena Simon / Futuregrapher
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hin franska Olena Simon mun taka lagið á Húrra í kvöld. Ásamt henni er það hinn íslenski tónlistarmaður Futuregrapher sem mun ríða á vaðið.

**Hvað?** Milkhouse / Sækó
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gauknum, Tryggvagötu
Hljómsveitirnar Milkhouse og Sækó spila indí á Gauknum.

**Hvað?** Pierre Tremblay
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Kanadíski tónlistarmaðurinn Pierre Tremblay tekur nokkur lauflétt lög í Mengi í kvöld.

**Hvað?** DJ Kolka
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikinu, Bankastræti
DJ Kolka leikur nokkur bráðskemmtileg lög sem munu eflaust gleðja gesti og gangandi.



Í Grasagarðinum kennir margra grasa – en í dag verður þar haldið námskeið á uppbindiaðferðum fyrir fjölæringa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Viðburðir

**Hvað?** Uppbindingar fjölæringa
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Grasagarði Reykjavíkur
Margar fjölærar plöntur eru hávaxnar og þurfa stuðning þegar líður á vaxtartímann. Í kvöld verður gestum Grasagarðs Reykjavíkur kennt hvenær er best að binda plönturnar upp og uppbindiaðferðir sýndar. Jóna Valdís Sveinsdóttir, yfirgarðyrkjufræðingur í Grasagarðinum, sér um fræðsluna sem hefst við aðalinngang Grasagarðsins kl. 19.30.

**Hvað?** BBC World Service – The Arts Hour on Tour
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Kynnir kvöldsins, Nikki Bedi frá BBC, tekur á móti þekktum listamönnum sem hafa sett hafa stóran svip á íslenska menningarsenuna. Þar á meðal eru stórleikarinn Ólafur Darri Ólafsson grínistinn Ari Eldjárn, verðlaunarithöfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Andri Snær Magnason ásamt því að hljómsveitirnar Reykjavíkurdætur og Mammút munu koma fram með lifandi tónlist.

**Hvað?** Dragsýning
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Hin stórkostlega dragdrottning Meth kemur fram á Loft í kvöld ásamt Gógó Starr. Aðgangur ókeypis. Sýningin hefst 20.30.

**Hvað?** Go-Kart á Bíladögum 2017
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Bílaklúbbi Akureyrar
Go-Kart keppni er nú orðin hluti af Bíladögum á Akureyri og fer keppnin fram í dag.

**Hvað?** Leiðsögn um Norræna húsið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Í sumar verður boðið upp á leiðsögn um Norræna húsið, sögu þess, sýningar og arkitektúrinn. Norræna húsið í Reykjavík er teiknað af finnska arkitektinum Alvar Aalto (1898-1976). Húsið var opnað 1968 og er menningarstofnun sem rekin er af Norrænu ráðherranefndinni. Markmið Norræna hússins er að hlúa að og styrkja menningartengsl milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Frá upphafi hefur Norræna húsið markað sér sérstöðu í íslensku menningarlífi, oft með því að hafa frumkvæði að og skipuleggja margvíslega menningarviðburði og sýningar. Leiðsögnin fer fram á ensku og kostar 1000 kr.



Ragnheiður Gröndal kemur fram á nýrri tónleikaröð Norræna hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Partí karókí með Þórunni Antoníu og DJ Dóru
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Sæta svíninu, Hafnarstræti
Það er alltaf standandi stuð á Sæta svíninu þegar þær stöllur Dóra og Þórunn Antonía mæta með karókívélina og góða skapið. Stundum mæta líka einhverjir hressir selebbar og taka lagið. Þessi miðvikudagur gæti verið sá sem Laddi mætir og tekur Herra Smæl, hver veit?



# FRÉTTABLAÐIÐ MENNING





Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

## Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |




Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast







Einsöngvararnir voru flottir, segir í dómnum. Hér sjást Hannah Morrison og Alex Potter. MYND/SNORRI SIGURÐSSON

# Talnaspeki og táknfræði í h-moll messu Bachs

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Bach: Messa í h-moll**

**Hallgrímskirkja**
Laugardaginn 10. júní
**Flytjendur:** Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju og Mótettukór kirkjunnar.
**Einsöngvarar:** Oddur A. Jónsson, Elmar Gilbertsson, Alex Potter og Hannah Morrison.
**Stjórnandi:** Hörður Áskelsson.

Þegar ég var lítill spurði vinkona mín hvort ég hefði heyrt h-moll messuna eftir Bach. Ég svaraði því neitandi. Hún sagði að ég væri heppinn. Pabbi hennar hefði farið með hana á messuna og hún væri lengsta og leiðinlegasta músík sem hún hefði heyrt. Að endingu hefði hann dregið hana út, organdi.

Þetta eru skiljanleg viðbrögð. Messan er löng, hún tekur tvo og hálfan tíma með hléi. Tónlistin er alvörugefin og margbrotin, það er ekkert í henni sem maður myndi endilega syngja í sturtu.

Enginn var þó dreginn organdi út úr kirkjunni á laugardaginn, enda voru tónleikarnir líflegir. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju spilaði og Mótettukórinn söng ásamt einsöngvurum. Hörður Áskelsson stjórnaði öllu saman, en hann á 35 ára starfsafmæli. Ferill hans hefur verið einstakur. Tónlistarlífið í kirkjunni sem hann hefur stjórnað er margbrotið og metnaðarfullt, það einkennist bæði af nýsköpun og virðingu fyrir fornum hefðum.

Lengd h-moll messunnar gerir að verkum að það er auðvelt að týnast í henni. Þarna er alls konar tónlist, ýmist kórar, aríur eða dúettar. Í slíku landflæmi er nauðsynlegt að hafa kort, og var það að finna í óvanalega veglegri tónleikaskrá sem var skrifuð af Halldóri Haukssyni. Hún var einfaldlega frábær. Haukur útlistaði í smáatriðum flókna táknfræði hvers kafla, hvernig mismunandi merking messutextans endurspeglaðist í tónmálinu.

Heilög þrenning er t.d. táknuð með þrískiptum takti þegar það á við. Kórinn syngur sexradda söng serafa-englanna, en þeir eru með sex vængi. Orðið sedes (situr) er teygt í löngum nótnarunum í einum kaflanum, því Kristur, sem situr við hægri hönd Föðurins, er þar að eilífu. Eining Föður og Sonar er táknuð með keðjusöng tveggja radda sem eru næstum því eins; þannig mætti lengi telja.

Flutningurinn var grípandi. Hljómsveitin spilaði af nákvæmni á svokölluð upprunaleg hljóðfæri, þ.e.a.s. í þeirri mynd sem þau voru á tímum Bachs. Það hljómaði vel. Engu að síður mátti finna að kaflanum þar sem leikið var á veiðihorn. Það er ekki með neinum tökkum, svo hornleikarinn þarf að mynda alla tónana með munninum. Þetta er fjarskalega erfitt, því tónlistin er flókin og vandasöm. Hornleikurinn tókst ekki sem skyldi og maður spurði sig hvort ekki hefði farið betur á að spila bara á nútímahorn í þetta skipti. Hornið kemur aðeins fyrir í þessum eina kafla, svo það hefði ekki komið að sök.

Kórinn söng hins vegar mjög fallega og af innlifun, þótt skýrleikinn hefði stundum mátt vera meiri í flóknustu köflunum. Einsöngvararnir voru auk þess flottir. Oddur A. Jónsson bariton söng af miklum þrótti og glæsileik; sömu sögu er að segja um Elmar Gilbertsson tenór. Hannah Morrison sópran var líka pottþétt, hún hefur sérlega bjarta og tæra rödd sem unaður var að hlusta á. Kontratenórinn Alex Potter var jafnframt magnaður, rödd hans var ákaflega fókuseruð og falleg, og öll túlkunin þrungin viðeigandi tilfinningu. Þetta var eftirminnileg stund.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Flutningurinn á h-moll messu Bachs var hinn skemmtilegasti.

# Frá mínu sjónarhorni er landslag skúlptúr

Fimm verk/Five Works nefnist sýning sem Þjóðverjinn Daniel Gustav Cramer opnar í Verksmiðjunni á Hjalteyri á 17. júní milli klukkan 14 og 18. Þar kynnir hann ólík verk sem hvert og eitt dregur upp mynd af ákveðnu landslagi. „Frá mínu sjónarhorni er landslag skúlptúr og líka eitthvað sem geymir það sem við öll eigum sameiginlegt – stundum ógnvænlegt,“ segir Daniel. Hann nefnir Carrara og Lígúríu á Ítalíu, Katherine í norðanverðri Mið-Ástralíu og Troodos fjöllin á Kýpur.



Maður í manngerðu landslagi.

Á sýningunni eru textaverk, kvikmynd, hljóðinnsetning og skúlptúrverk sem inniheldur 100 járnhluta sem dreifast frá Hjalteyri og til Akureyrar.

Daniel Gustav lærði myndlist við Royal College of Art í London og hefur sýnt víða um heim á liðnum árum, til dæmis í Sviss, Ekvador, Mónakó, Frakklandi, Portúgal og síðar á árinu sýnir hann í Bergen, Dubai og Düsseldorf.

Sýningin Fimm verk verður svo opin á þriðjudögum til sunnudaga frá 14 til 17 til 1. júlí.

# ÚTSALA

## 15-60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

**20% afsl.**
af PRIMA möppuhillum og skápum

**20% afsl.**
af sérpöntuðum sófum og gestastólum

Sérstaklega gerðir fyrir fyrirtæki, stofnanir og hótel

**30% afsl.**
af heilsukollum

**15% kynningarafsl.**
af öllum nýjum vörum

**40-60% afsl.**
af völdum vörum

*Á ekki við um PRIMA rafmagnsborð

# Hirzlan

*Skrifstofuverslun þín í 24 ár*

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## 30-60% afsl. af öllum stólum




MYNDFORM GRAFÍK

| ALUMEDIC 5 | LADY SITNESS | TOP PRO | XPANDER |
|---|---|---|---|
| 197.800 kr. | 129.000 kr. | 32.900 kr. | 107.500 kr. |
| **118.600 kr.** | **64.950 kr.** | **12.900 kr.** | **69.500 kr.** |




KL. 19:05 alla virka daga

Fjölbreytur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um allt milli himins og jarðar á léttu nótunum. Í þætti kvöldsins verður Berglind Hilmarsdóttir heimsótt en hún er bóndi undir Eyjafjöllum og á eitt glæsilegasta málverkasafn landsins. Umsjónarmaður kvöldsins er Magnús Hlynur Hreiðarsson.

MAGNAÐ

MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365




ORANGE IS THE NEW BLACK

Fimmta þáttaröðin af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield fangelsinu í New York. Í síðustu seríu var lífið innan fangelsisveggjanna afar eldfimt og mörgum spurningum ósvarað. **Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.**

MARY KILLS PEOPLE

Áhrifamiklir og óvenjulegir þættir um Mary Harris sem er læknir á bráðadeild á daginn en um nætur vendir hún kvæði sínu í kross og hjálpar dauðvona fólki að yfirgefa þennan heim á þeirra forsendum.



BONES

Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.



QUEEN SUGAR

Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Um land allt
**11.45** Léttir sprettir
**12.05** Matargleði Evu
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.55** The Night Shift
**14.40** Major Crimes
**15.30** Schitt's Creek
**15.55** Divorce
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom Fjórða gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napadalnum í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**19.45** The Middle
**20.10** Mary Kills People
**20.55** Bones
**21.40** Orange is the New Black Fimmta þáttaröðin um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Í síðustu þáttaröð var lífið innan fangelsisveggjanna afar eldfimt og mörgum spurningum ósvarað. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.
**22.35** Queen Sugar
**23.20** Real Time With Bill Maher
**00.20** The Blacklist
**01.05** Animal Kingdom
**01.55** Training Day Spennuþættir um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem gerast 15 árum eftir samnefnda mynd. Nýliðinn og hugsjónamaðurinn Kyle Craig er ráðinn til að vinna með reynsluhundinum Frank Rourke en aðferðir hans eru æði óvenjulegar og fer hann oft ekki eftir bókinni í rannsókn mála. Þetta gerir það að verkum að samstarf þeirra verður á tímum afar erfitt og þá sér í lagi þegar siðferðisleg álitamál koma upp.
**02.40** Brestir
**03.10** NCIS. New Orleans
**03.55** Nashville
**04.35** Nashville
**05.20** Covert Affairs
**06.05** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Undankeppni HM- Noregur - Tékkland
**08.55** Undankeppni HM- Finnland - Úkraína
**10.35** Undankeppni HM- Írland - Austurríki
**12.15** Undankeppni HM- Serbía - Wales
**14.00** Undankeppni HM- Makedónía - Spánn
**15.40** NBA - Golden State - Cleveland
**17.30** Ísland - Brasilía
**19.10** Goðsagnir efstu deildar
**19.45** Pepsi deild karla- Grindavík - FH
**22.00** Formúla E 2016/2017
**23.45** La Liga- Huesca - Getafe

## STÖÐ 3

**17.30** Raising Hope
**17.55** New Girl
**18.15** Mindy Project
**18.40** Modern Family
**19.05** Ástríður
**19.35** Hindurvitni
**20.05** Gulli byggir
**20.30** Man Seeking Woman
**20.55** Cold Case
**21.40** Supernatural
**22.25** Supergirl
**23.10** Gotham
**23.55** American Horror Story. Roanoke
**00.40** Ástríður
**01.05** Hindurvitni
**01.35** Gulli byggir
**02.00** Man Seeking Woman
**02.20** Cold Case
**03.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Zigby
**09.14** Víkingurinn Viggó
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Ljóti andarunginn og ég
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Zigby
**13.14** Víkingurinn Viggó
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Ljóti andarunginn og ég
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Zigby
**17.14** Víkingurinn Viggó
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Ljóti andarunginn og ég
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Hákarlabeita 2



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World 2017
**08.50** Manulife LPGA Classic
**11.25** FedEx St. Jude Classic
**16.25** PGA Highlights 2017
**17.20** Manulife LPGA Classic
**19.55** Golfing World 2017
**20.45** Champions Tour Highlights 2017
**21.40** FedEx St. Jude Classic

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** The Flinstones in Viva Roc
**13.30** Dumb and Dumber To
**15.20** Maggie's Plan
**17.00** The Flinstones in Viva Roc
**18.30** Dumb and Dumber To
**20.20** Maggie's Plan Rómantísk gamanmynd frá 2015 með Ethan Hawke, Gretu Gerwig og Julianne Moore. Áætlun Maggie um að eignast barn ein og óstudd fer aðeins út af sporinu þegar hún verður ástfangin af John, kvæntum manni, og eyðileggur þar með viðkvæmt hjónaband hans og hinnar bráðsnjöllu en erfiðu Georgette. En einni dóttur og þremur árum síðar er Maggie ekki lengur ástfangin af John og er í klípu. hvað áttu að gera þegar þig grunar að maðurinn þinn og fyrrverandi kona hans séu í raun fullkomin fyrir hvort annað?
**22.00** Sex and The City 2
**00.25** The Fantastic Four
**02.05** Inherent Vice
**04.35** Sex and The City 2

## RÚV

**15.25** Úr gullkistu RÚV. Út og suður
**15.50** Tékkland - Ísland
**17.50** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Nýi skóli keisarans
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.26** Gló magnaða
**18.54** Víkingalottó (**24.52**)
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Golfið
**20.05** Steinsteypuöldin
**20.40** Áfram, konur!
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hver græðir á flóttamannabúðum?
**23.15** Skömm
**23.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Black-ish
**14.25** Royal Pains
**15.10** Man With a Plan
**15.35** Ný sýn - Sunna Davíðsdóttir
**16.10** Speechless
**16.35** King of Queens
**17.00** The Millers
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** American Housewife
**20.15** Remedy
**21.00** Imposters
**21.45** Quantico
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** Brotherhood
**01.05** Chicago Med
**01.50** The Catch
**02.35** Scandal
**03.20** Better Things
**03.50** Imposters
**04.35** Quantico
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# AEG

# OFNAR, 2016 ÁRGERÐ




# 30% AFSLÁTTUR

## FRÁBÆRT TILBOÐ Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## HÁFAR (AIRFORCE) 2016 ÁRGERÐ

# 50% AFSLÁTTUR

# AUK ÞESS 20% AFSLÁTTUR
## AF 2017 OFNUM OG HELLUBORÐUM

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |














Hópurinn smellti þessari mynd af um miðnætti á mánudaginn.

# Tómas segir Guðna vera í toppformi

Forseti Íslands gerði sér lítið fyrir og fór upp á Hvannadalshnúk ásamt fríðu föruneyti. Í hópnum var læknirinn **Tómas Guðbjartsson** sem segir Guðna hafa staðið sig mjög vel í þessari krefjandi ferð.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, komst á topp Hvannadalshnúks, hæsta tind landsins, á mánudaginn í góðra vina hópi. Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir á Landspítalanum, var í hópnum en hann hefur í gegnum tíðina starfað sem fararstjóri fyrir Ferðafélag Íslands samhliða skurðlækningunum.

Tómas segir Guðna lengi hafa sýnt því áhuga að fara í alvöru fjallgöngu. „Þetta hefur staðið til lengi, að fara með Guðna í alvöru fjallaferð. Hann hefur fært þetta í tal við mig oft síðan hann varð forseti, og þá ekki síst að hann vilji komast á þessa hærri toppa landsins. Og núna fundum við smá glugga til að fara og við vorum ekkert að tvínóna við það. Við ákváðum að taka hæsta tindinn sem hann hefur aldrei komið á,“ útskýrir Tómas. Hann segir Guðna hafa staðið sig vel í göngunni.

„Hann er mikill íþróttamaður og er í góðu formi en hann hefur ekki verið mikið í fjallgöngum, og hvað þá á fjallagönguskíðum. En hann hleypur og hjólar og maður sér það alveg á honum að hann er mjög hraustur. Ég held að Íslendingar geti verið mjög stoltir af því að eiga svona fitt forseta. Það eru ekkert allir forsetar sem færu þetta,“ segir Tómas og leggur áherslu á að ferðin hafi verið krefjandi.

Með þeim Guðna og Tómasi í ferðinni voru meðal annars hjónin Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir. „Þau eiga heiðurinn af því að finpússa og skipuleggja ferðina. Og þau fengu svo mig og Pál Ásgeir Ásgeirsson til að fara með, og við erum öll vant fjallafólk.“

Stemningin í ferðinni var afar skemmtileg að sögn Tómasar. „Þetta var allt á léttum nótum. Og það besta við þetta er að við Róbert höfum komið hingað upp óteljandi sinnum en við höfum aldrei fengið svona gott veður. Ég var bara á stuttermabolnum. Þannig að Guðni var mjög heppinn. Hann heldur kannski að þetta sé alltaf svona, en það er það ekki,“ segir Tómas hlær.

„Það hefur allt gengið að óskum, nú erum við komin langleiðina niður,“ sagði Tómas þegar blaðamaður náði tali af honum í gær. „Við eigum eftir að fara yfir jökul sem er dálítið sprunginn en öryggið er fyrir öllu. Brynhildur og Róbert hafa passað alveg rosalega vel upp á öll öryggisatriði.“ **gudnyhronn@365.is**

# Vilja ekki selja meira en 7.000 miða

Dagpassar fyrir tónlistarhátíðina Night + Day sem breska hljómsveitin The xx stendur fyrir eru komnir í sölu og undirbúningur fyrir hátíðina gengur smurt að sögn Arnórs Gíslasonar, verkefnastjóra Night + Day hátíðarinnar. „Hópurinn er reyndar að leggja lokahönd á Secret Solstice svæðið núna. Við erum svo nokkur uppi á skrifstofu að undirbúa rúntinn út á land í næsta mánuði á meðan allt er í gangi hér í bænum,“ segir Arnór en þess má geta að sama teymi stendur að Secret Solstice hátíðinni sem haldin er um helgina og Day + Night.

Arnór segir mikla spennu vera í loftinu. „Við höfum aldrei lýst upp foss úti á landi áður,“ segir hann en hátíðin verður haldin á svæðinu í kringum Skógafoss og ljóst er að fossinn mun spila stórt hlutverk. „The xx spilar og fólk tjaldar og nýtur sín í fáránlega flottu og öruggu umhverfi. Ég held að þetta verði ógleymanlegt!“


**Hljómsveitin The xx stillti sér upp fyrir framan Skógafoss þegar sveitin var hér á landi árið 2014.** MYND/THE XX

Hátíðin rúmar 8.000 manns að sögn Arnórs. „En við viljum ekki selja meira en 7.000 miða. Þannig að svæðið mun njóta sín vel og það verður nóg pláss fyrir alla,“ segir Arnór spurður út í miðasöluna.

Þess má geta að hluti af ágóða miðasölunnar verður settur í sjóð sem notaður verður til að bæta aðstöðu í kringum Skógafoss. **– gha**

10-11

# ÞRENNUTILBOÐ

LAY'S SNAKKPOKI AÐ EIGIN VALI,
1L PEPSI EÐA PEPSI MAX
OG KIT KAT 4X41,5 G

AÐEINS
KR. 799




PRENTUN.IS

*Fljótlegt og þægilegt*






Young M.A. átti smell sumarsins í fyrra með lagi sínu OOOUUU, þannig að það verður stuð í dalnum á sunnudaginn.

# Brot af Brooklyn í Laugardalnum

Rapparinn **Young M.A.** er um margt merkilegur karakter. Hún hefur bæði þurft að eiga við það að vera kona og samkynhneigð í karllægum og hörðum rappbransanum en tekur mótlætinu með mikilli ró. Hún ætlar að gefa okkur smá brot af Brooklyn á sunnudaginn.

*Getur þú sagt lesendum Fréttablaðsins sem þekkja þig kannski ekki hver Young M.A. er eiginlega?* „M.A. stendur fyrir Me Always [ávallt ég sjálf]. Ég byrjaði að rappa þegar ég var 9 ára og hef síðan þá ávallt verið ég sjálf. Þegar ég loksins varð örugg í eigin skinni var það auðvelt fyrir mig að tjá mig um eigin reynslu í tónlist minni.“

*Veistu eitthvað um Ísland?* „Þetta er í fyrsta sinn sem ég ferðast til Íslands og ég er ákaflega spennt að sjá landið. Myndböndin sem ég hef séð af Secret Solstice hátíðinni segja mér að Íslendingar séu mikil partíþjóð. Það lítur út fyrir að það verði brjáluð stemming!“

*Áður en þú varðst fræg, hafðir þú þá einhvern tíma ímyndað þér að þú myndir einn daginn ferðast til fjarlægra landa eins og Íslands? Hver er áhugaverðasti staður sem þú hefur komið á á ferlinum?* „Ég er mjög sjálfsörugg manneskja, þannig að ég hef ávallt haft tröllatrú á því að tónlistin mín myndi fara með mig um allan heim og ég hef verið bænheyrð og er nú bókuð um heim allan. Ég verð að eilífu þakklát aðdáendum mínum, stuðningsfólki og sérstaklega þeim sem hafa verið með mér frá byrjun. Ég hef lent í að minnsta kosti tvisvar lent í frekar undarlegri reynslu á tónleikaferðalagi: ég spilaði einu sinni í El Paso og allir voru töluvert hressari en ég bjóst við og svo í Kanada – þar voru allir gjörsamlega trylltir og ég held að bjórinn þar sé öðruvísi eða eitthvað, þetta var alveg ótrúlegt dæmi.“

> **ÉG ER MJÖG SJÁLFSÖRUGG MANNESKJA, ÞANNIG AÐ ÉG HEF ÁVALLT HAFT TRÖLLATRÚ Á ÞVÍ AÐ TÓNLISTIN MÍN MYNDI FARA MEÐ MIG UM ALLAN HEIM OG ÉG HEF VERIÐ BÆNHEYRÐ OG ER NÚ BÓKUÐ UM HEIM ALLAN.**

*Í viðtölum okkar við aðra listamenn sem munu koma fram á Secret Solstice hátíðinni nefndu flestir að þeir væru frekar hræddir við að missa svefn vegna miðnætursólarinnar – hefur þú áhyggjur af því og ertu búin að pakka niður myrkvunartjöldum?* „Þetta „ruglaði“ í mér í Kanada. Ég held að ég hafi verið í Winnipeg og klukkan var hálf ellefu og sólin var bara enn á lofti. Ég hef verið að grínast með það að sólin hljóti að vera að vinna aukavinnu til að gefa börnunum að borða. Ég mun samt stoppa stutt og það kann að vera að ég sleppi því að sofa – þannig að ég er spennt fyrir því að sólin hangi með mér.“

*Ef þú þyrftir að lifa með því að það væri bjart allan sólarhringinn – hvað myndir þú gera?* „Kampavín í morgunmat á ströndinni, Mótorhjólarúntur í sveitinni, Nudd, stúdíóið, sjávarfang í kvöldmat, strippklúbbur.“

*Við hverju geta gestir Solstice hátíðarinnar búist af þér?* „Ég er að fara að „turn up“ fyrir Ísland þann 18. júní! Ég hlakka til að koma með Brooklyn-stemminguna í miðnætursólina.“

*Hvað er næst hjá Young M.A. og hvenær kemur næsta OOOUUU sem við öll sem þekkjum þig erum að bíða eftir?* „Ég gaf út EP plötuna „Herstory“ í apríl og ég er alltaf í stúdíóinu þessa dagana að vinna að minni fyrstu plötu í fullri lengd, en hún ber titilinn „Herstory in the making“. Sú plata verður full af afar persónulegri tónlist og ég get ekki beðið eftir því að sýna heiminum þetta.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Nú í nýjum umbúðum!
HEIMILIS-
KOKKURINN
ELSKAR
Þykkvabæjar
KARTÖFLUGRATÍN
Í SVEPPAOSTASÓSU
RÓFUSTAPPA
ÚR ÍSLENSKUM RÓFUM
Í OSTASÓSU
MEÐ BEIKONI
PLOKK

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Jónu Hrannar Bolladóttur




# Það er þess virði að elska

Einskis, einskis þarfnastu þegar lófi þess sem þú elskar lýkst um þinn lófa. (Nína Björk Árnadóttir). Ekkert nærir okkur í lífinu eins og það að eiga ástvini og vera bundin ástvinaböndum. Í góðu hjónabandi verða þræðirnir oft svo djúpir og þéttir að fólk upplifir sig sem eitt. Ég hitti konu um daginn sem hafði nýlega misst eiginmann sinn. Þau höfðu byrjað saman á unglingsárunum og átt rúmlega 40 ára samleið þegar hann féll frá. Hún sagði við mig: „Stundum líður mér eins og ungabarni. Líkt og ég sé nýlega fædd og þurfi að læra allt upp á nýtt. Ég man varla eftir mér einni og nú þarf ég að hugsa allt lífið að nýju án hans.“ Mér þótti þetta afar djúp og einlæg lýsing. Margir sem missa makann sinn þurfa að rifja sjálfa sig upp sem einstaklinga; Hvernig gerði ég hlutina áður en við rugluðum saman reytum?

Það er stundum svo sárt að vera manneskja. En ég minni sjálfa mig og þau sem ég ræði við í sorg oft á orð Sigurðar Nordal heimspekings sem sagði eitt sinn: „Sá sem vildi losna við alla sorg og söknuð, yrði að kaupa það því dýra verði að elska ekkert í heiminum.“ Ekkert okkar vildi vera án ástar og við vitum að allt sem við elskum í raun og veru er óbætanlegt og allt sem við gætum hugsað okkur að væri bætanlegt höfum við aldrei elskað í raun og sann. Sumum finnst fáránlegt þegar sagt er að ástin sigri allt. Þó vitum við þegar við hefjum ástartengsl, hvort sem það er með maka eða við það að eignast börn, að engin tengsl vara að eilífu í þessum heimi. En við tökum samt sjensinn! Sem sýnir okkur einmitt að ástin sigrar allt. Og ég trúi því að ástin sé það eina sem við tökum með okkur áfram inn í eilífðina.








ÁFRAM ÍSLAND Í FINNLANDI!



EINSTAKT TÆKIFÆRI

GAMAN FERÐIR BJÓÐA UPP Á ÞRIGGJA NÁTTA FERÐ TIL FINNLANDS 1.-4. SEPTEMBER EN ÞÁ BÝÐST JAFNFRAMT EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ FYLGJAST MEÐ TVEIMUR ÍSLENSKUM LANDSLIÐUM SPILA Í EINNI OG SÖMU FERÐINNI.

KARLALANDSLIÐ ÍSLANDS Í FÓTBOLTA OG KÖRFUBOLTA ETJA BÆÐI KAPPI Í FINNLANDI, FÓTBOLTALANDSLIÐIÐ Í UNDANKEPPNI HM OG KÖRFUBOLTALANDSLIÐIÐ Í ÚRSLITUM EUROBASKET.



Hótel Arthur ***

Verð frá: 91.800 kr.
Verð miðað við 4 saman í herbergi*

Verð frá: 99.800 kr.
Verð miðað við 2 saman í herbergi*

Radisson Blu Royal ****

Verð frá: 109.900 kr.
Verð miðað við 2 saman í herbergi

* Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur (42x32x25cm), akstur til og frá flugvelli og gisting í 3 nætur með morgunverði.
Hægt er að bæta við miða á fótbolta- og /eða körfuboltaleikina.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is

Gaman Ferðir